



Ársreikningur samstæðu 2025



 **Síminn**

Síminn hf. - Ármúla 25 - 108 Reykjavík - Kt. 460207-0880

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2-5
Áritun óháðs endurskoðanda.....	6 -9
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu.....	10
Efnahagsreikningur.....	11
Eiginfjáryfirlit.....	12
Sjóðstreymisyfirlit.....	13
Skýringar.....	14 -37
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Stjórnarháttayfirlýsing.....	38 - 41
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	42 - 49
Ársfjórðungsyfirlit.....	50

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sögu Símans hf. má rekja til ársins 1906 og státar því félagið af 120 ára afmæli á árinu 2026. Félagið hefur öll þessi 120 ár verið grunnstoð í fjarskiptabjónustu á Íslandi. Síminn býður fyrirtækjum, einstaklingum og opinberum aðilum upp á breitt framboð öruggra fjarskiptalausna sem uppfylla nýjustu kröfur hverju sinni. Þá hefur dótturfélagið Radiómiðun um árabil verið leiðandi í þróun fjarskiptalausna fyrir sjávarútveg og sérhæfðra lausna á sviði hlutaneta (e. IoT) fyrir aðrar atvinnugreinar, til að mynda fiskeldi, iðnað og flutninga.

Miðlun afþreyingarefnis og auglýsinga er annar mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins og hefur efnisveitan Sjónvarp Símans Premium vaxið hratt á undanförunum árum. Vinsældir veitunnar má rekja til hágæða dagskrárgerðar, þar sem vönduð íslensk dagskrárgerð og mikið úrval af vinsælu erlendu efni kemur saman. Vegna vinsælda veitunnar, hefur sjónvarpsþjónusta Símans fest sig í sessi sem mikilvægur auglýsingamiðill á innlendum markaði. Með tilkomu Billboard (Billboard ehf. og BBI ehf.), sem bættist við samstæðuna árið 2024, hefur staða félagsins á auglýsingamarkaði styrkst enn frekar, en Billboard hefur verið leiðandi fyrirtæki á sviði umhverfismiðla.

Fjártækni er nýjasta tekjustoð Símans, en dótturfélagið Síminn Pay hefur á síðustu árum þróað fjölbreyttar lausnir á sviði fjártækni, sem spanna allt frá vörukaupalánum fyrir einstaklinga, til kreditkorta og rafrænna beiðna fyrir fyrirtæki. Með Noona Iceland, sem hefur verið hluti af félaginu frá því desember 2024, breikkar vöruframboð félagsins á sviði fjártækni enn frekar með lausnum á borð við tíma- og borðabókunarkerfi og afgreiðslulausnir fyrir fyrirtæki.

Síminn er þjónustufyrirtæki í fremstu röð, og framtíðarsýn félagsins er að skapa stafrænt samfélag sem auðgar lífið, en í því felst metnaður félagsins til þess að þróa stafrænt vistkerfi snjallra lausna sem skapa virði fyrir fólk og fyrirtæki. Hlutverk Símans er að skapa verðmætar tengingar og gildi félagsins eru að vera skapandi, fagleg og árangursdrifin. Sjálfbærni og góðir stjórnarhættir eru hornsteininn í rekstri félagsins. Árangur Símans endurspeglast í ánægju viðskiptavina, stoltu starfsfólki, sterkri fyrirtækjamenningu og arðbærum rekstri sem gerir félagið að eftirsóknarverðum fjárfestingarkosti.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans fyrir árið 2025, samanber skýringu 16. Megin starfssvæði félagsins er á Íslandi.

Rekstur ársins 2025

Heildartekjur félagsins árið 2025 námu 28.767 m.kr. (2024: 27.832 m.kr.). Tekjur jukust um 3,4% og munar þar mest um aukningu í auglýsingatekjum og tekjum tengdum fjártækni. Heildarrekstrarkostnaður eykst um 2,7%. Kostnaðarauki frá lykilinnviðabirgjum hafði áhrif á kostnaðarverð seldrar þjónustu þar sem umræddur kostnaður er að miklu leyti verðtryggður. Á móti lækka afskriftir óefnislegra eigna. Fjöldi ársverka var 319 samanborið við 311 árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnskostnað, EBITDA var 6.960 m.kr. (2024: 7.147 m.kr.) og rekstrarhagnaður, EBIT var 3.137 m.kr. (2024: 2.875 m.kr.). Síminn birti afkomuspá þann 18. febrúar 2025. Birt EBITDA spá Símans fyrir árið 2025 var 7,0 til 7,4 ma.kr. og EBIT spá var 3,6 til 4,0 ma.kr. Þann 26. febrúar birti Hæstiréttur dóm í máli Símans og Samkeppniseftirlitsins þar sem ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2020 var staðfest. Klofinn Hæstiréttur sneri þar við dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem og dómi Landsréttar um að ákvörðunin skyldi felld úr gildi og sektaði Símann um 400 m.kr. Með tilliti til niðurstöðu Hæstaréttar var EBITDA spá Símans færð niður í 6,6 til 7,0 ma.kr. og EBIT spá 3,2 til 3,6 ma.kr. án afskrifta óefnislegra eigna sem námu 140 m.kr. vegna kaupa á félögum. Niðurstaða ársins án þessara afskrifta var 3.277 m.kr. og því innan útgefinnar og uppfærðar afkomuspár og almennt í samræmi við áætlun.

Hrein fjármagnsgjöld voru 1.061 m.kr. á árinu 2025 (2024: 1.113 m.kr.). Vaxtatekjur vegna lánastarfsemi jukust frá fyrra ári og námu 685 m.kr. (2024: 448 m.kr.). Útlánasafn Símans Pay stækkaði með kaupum á lánasafni. Vaxtagjöld félagsins hækkuðu á milli ára þar sem skuldsetning var aukin í því skyni að fjármagna útlánavöxt.

Hagnaður nam 1.591 m.kr. samanborið við 1.381 m.kr. árið 2024. Hagnaður á hlut árið 2025 var 0,66 (2024: 0,54) sem er 22% aukning.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Efnahagsreikningur

Eignir námu samtals 44.322 m.kr. (2024: 41.182 m.kr.) en hækkun eigna má rekja til kaupa á lánasafni, aukinni fjárbindingu tengt auknum umsvifum kreditkorta Símans Pay og kaupum á sýningarréttum í sjónvarpi. Fastafjármunir voru 33.317 m.kr. í árslok 2025 og jukust frá fyrra ári er þeir voru 32.268 m.kr. Handbært fé nam 980 m.kr. (2024: 835 m.kr.).

Hlutfé var 2.331 m.kr. í árslok (2024: 2.483 m.kr.). Á árinu keypti félagið eigin bréf að nafnvirði 173 m.kr. fyrir alls 2.359 m.kr. (2024: 135 m.kr. og 1.424 m.kr.). Eigið fé nam 17.101 m.kr. (2024: 18.116 m.kr.). Langtímaskuldir námu 16.063 m.kr. (2024: 14.990 m.kr.). Skammtímalán námu 1.401 m.kr. (2024: 2.084 m.kr.). Skuldir námu samtals 27.221 m.kr. (2024: 23.066 m.kr.).

Sjóðstreymi

Greiddir vextir námu 1.959 m.kr. á árinu 2025 (2024: 1.612 m.kr.). Aukningu frá fyrra ári má rekja til aukinnar skuldsetningar. Fjárfestingar hafa lækkað á milli ára sem skýrist af minni fjárfestingu í óefnislegum eignum.

Fréttir úr starfseminni

Vöxtur fjártækni hélt áfram á árinu undir merkjum Símans Pay og Noona Iceland. Í lok febrúar tók Síminn Pay við kortalánum frá Rapyd Europe samkvæmt samkomulagi sem gengið var frá í ágúst 2024. Í árslok nam útlánasafn liðlega 4,6 ma.kr., samanborið við 3,2 ma.kr. árið á undan. Viðtökur á fyrirtækjakortum voru afar góðar og fjórfaldaðist fjöldi útgefinna korta á árinu, með ríflega 1.800 kort í lok árs. Útgáfa kreditkorta til einstaklinga gekk einnig vel og voru korthafar orðnir 10 þúsund í árslok. Fjöldi bókana í Noona markaðstorginu hélt áfram að aukast og voru skráðir notendur í Noona orðnir 163 þús. í lok árs, samanborið við 147 þús. árið á undan. Mikil vöruþróun átti sér stað á árinu en það mun skapa Noona sóknartækifæri á komandi ári, bæði innan núverandi viðskiptamannahóps sem og með möguleikum á að stækka hann.

Þann 17. október var lokið við 18 ma.kr. endurfjármögnun hjá Arion banka. Í nóvember var dregið á lánið 12 ma.kr. sem var að mestu leyti nýtt til uppgreiðslu eldri lána Símans. Nýja lánið er til fjögurra ára með gjalddaga 17. október 2029 en er með heimild til framlengingar til 17. október 2033. Félagið horfir áfram til markaðsfjármögnunar í fjármögnun félagsins. Félagið gaf fjórum sinnum út víxla árið 2025 og voru viðtökur fjárfesta góðar. Á öðrum ársfjórðungi 2025 gaf Síminn út nýjan skuldabréfaflokk, 1.200 m.kr. sem er á gjalddaga í júní 2028.

Þann 23. október var undirritaður samningur um kaup á öllu hlutfé í Greiðslumiðlun Íslands ehf. (GMÍ). Með kaupnum mun Síminn styrkja starfsemi sína enn frekar á sviði fjártækni, sem er ört vaxandi stoð í rekstrinum. Heildarvirði (enterprise value) GMÍ í viðskiptunum nemur 3.500 m.kr. Viðskiptin eru háð hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Þann 18. desember var undirritaður samningur um kaup á öllu hlutfé í Opnum kerfum hf. (OK) og Öryggismiðstöð Íslands hf. (ÖMÍ). Samanlagt heildarvirði (e. enterprise value) OK og ÖMÍ í viðskiptunum nemur 13.750 m.kr. að viðbættum leiguskuldbindingum sem eru áætlaðar um 1.000 m.kr. Kaupin verða fjármögnuð með hlutfé í Símanum, lánsfé og handbæru fé. Miðað er við að um 6.125 m.kr. verði greiddar með afhendingu u.p.b. 428 milljón hluta. Viðskiptin eru háð hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Síminn sendi beiðni til Fjarskiptastofu dags. 15. júlí 2025 á grundvelli 45. gr. fjölmiðlalaga um flutningsrétt að opnu rásinni Sýn og áskriftarstöðvum sem falla undir Sýn Sport. Í bráðabirgðaákvörðun komst Fjarskiptastofa að þeirri niðurstöðu að Sýn væri skylt að afhenda umræddar rásir til dreifingar um sjónvarpskerfi Símans. Bráðabirgðaákvörðun Fjarskiptastofu var staðfest af úrskurðarnefnd fjarskiptamála. Fjarskiptastofa tók síðan endanlega ákvörðun þann 5. nóvember 2025 og staðfesti að beiðni Símans varðandi Sýn Sport væri sanngjörn og eðlileg og síðan 27. nóvember 2025 þar sem niðurstaðan var að beiðni Símans um aðgang að opnu rásinni Sýn væri einnig sanngjörn og eðlileg.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Horfur ársins og óvissuþættir

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur undanfarin ár og afkoma góð. Reiknað er með að svo verði áfram og gerir afkomuspá ráð fyrir lítilsháttar aukningu í rekstrarhagnaði árið 2026 samanborið við árið 2025. Áfram er þó óvissa um þróun efnahagsmála hérlandis sem gæti haft áhrif á ákveðna þætti í rekstri félagsins og er þá sérstaklega verið að horfa til þróunar verðbólgu og vaxta.

Yfirlit yfir málarekstur sem félagið stendur í má finna í skýringu 30 og eins og fram kemur gerir félagið ekki ráð fyrir verulegum fjárhagslegum skaða vegna þeirra mála sem þar koma fram.

Vísað er til skýringar 28 um helstu áhættu- og óvissuþætti.

Hlutfé og samþykktir

Hlutfé í árslok 2025 skiptist á 947 hluthafa en þeir voru 931 í ársbyrjun. Í árslok 2025 áttu þrír hluthafar yfir 10% af hlutfé félagsins en tíu stærstu hluthafar félagsins eru:

	Nafnverð hlutfjár í m.kr.	Eignarhlutur í %
Stoðir hf.	461	18,63%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	264	10,66%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	259	10,46%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	182	7,35%
Gildi - lífeyrissjóður	155	6,25%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	89	3,59%
Birta lífeyrissjóður	77	3,09%
Stapi lífeyrissjóður	62	2,52%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	51	2,07%
Brú R deild	43	1,72%
10 stærstu hluthafar samtals	1.643	66,34%

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var þann 13. mars 2025 var samþykkt að heimila stjórn félagsins að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 247,5 m.kr. að nafnverði hlutfjár félagsins, sbr. VIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Gildistími heimildarinnar er allt að átján mánuðir. Með samþykkt tillögunnar féll úr gildi sams konar heimild sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 14. mars 2024.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð 500 m.kr. á árinu 2026. Óskað verður eftir áframhaldandi heimild til endurkaupa eigin bréfa fyrir allt að 10% af hlutfé.

Skráð hlutfé félagsins nam 2.475 m.kr í árslok 2025, en félagið átti eigin hluti í árslok að nafnverði 144 m.kr. Hlutféð er í einum flokki sem skráður er í Kauphöll Íslands. Allir hlutir njóta sömu réttinda.

Á hluthafafundi sem haldinn var þann 28. janúar 2026 var samþykkt heimild til að gefa út nýtt hlutfé fyrir allt að 430 m.kr að nafnverði. Hinir nýju hlutir skulu nýttir til greiðslu hluta kaupverðs í tengslum við kaup félagsins á öllu hlutfé í Opnum kerfum hf. og Öryggismiðstöð Íslands hf. Skal því heimilt að greiða áskriftarverð hinna nýju hluta með öðrum hætti en með reiðufé, þ.m.t. með skuldajöfnuði. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá greiðsludegi áskriftarverðsins. Gildir heimild þessi til 31. desember 2026.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn Símans hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint sem og verksvið gagnvart forstjóra. Félagið er með skráð verðbréf í Kauphöll Íslands hf. og ber því að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti samkvæmt reglum Kauphallarinnar sem hægt er að nálgast á vef hennar.

Í stjórn félagsins eru þrír karlar og tvær konur og uppfyllir félagið ákvæði laga um kynjahlutföll stjórnar félagsins. Í framkvæmdastjórn félagsins sitja þrír karlar og þrjár konur.

Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum stjórnarháttaryfirlýsing sem er viðauki með ársreikningnum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, sem og stefnu félagsins í mannréttindamálum, mútu- og spillingarmálum, eru birtar sem viðauki með ársreikningnum.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. febrúar 2026.

Stjórn

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Másson

Bjarni Þorvarðarson

Valgerður Halldórsdóttir

Forstjóri

María Björk Einarsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Símans hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Símans hf. („félagið“) fyrir árið 2025. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun samstæðuársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum og höfum uppfyllt aðrar siðferðilegar skyldur okkar í samræmi við þessar reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og að við erum óháð félaginu við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 16. apríl 2015 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfellt síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur	Endurskoðunin
-------------	---------------

Mat viðskiptavildar

Bókfært verð viðskiptavildar í árslok 2025 nam 19,5 ma. kr. og er hún stærsta einstaka eign samstæðunnar. Viðskiptavild hefur verið deilt út á þær sjóðskapandi einingar innan samstæðunnar sem hún tilheyrir. Árlega ber að framkvæma virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild og öðrum eignum sem ekki rýrna við notkun og hafa óskilgreindan líftíma.

Mat á verðmæti viðskiptavildar er einn af lykilþáttum í endurskoðun á ársreikningi samstæðunnar vegna þess hversu hátt hlutfall viðskiptavild er af heildareignum hennar og um er að ræða eign sem háð er mati stjórnenda. Mat á verðmæti viðskiptavildar byggir á væntingum stjórnenda um núvirt framtíðarsjóðstreymi sjóðskapandi eininga.

Í skýringu 15 er fjallað um virðisrýrnunarpróf sem framkvæmt var á viðskiptavild samstæðunnar í árslok og í skýringu 34.3 er fjallað um reikningsskilaaðferðir.

Við ásamt verðmatssérfræðingum okkar lögðum mat á forsendur sem stjórnendur nota við útreikning á núvirtu framtíðarsjóðstreymi fyrir hverja fjárskapandi einingu. Í þeirri vinnu fólst m.a.:

- Forsendur rekstrar- og sjóðstreymisáætlana til næstu fimm ára voru yfirfarnar. Við yfirferðina var lagt mat á forsendur um tekjur, rekstrarkostnað, framlegð og fjárfestingar fyrir spátímabilið.
- Við yfirferð á rekstrar- og sjóðstreymisáætlunum er meðal annars horft til frávika frá áætlunum fyrri ára.
- Lagt var mat á forsendur fyrir áætluðum framtíðarvexti að loknu spátímabilinu.
- Reiknilíkan félagsins var yfirfarið og lagt mat á virkni þess.
- Farið var yfir ávöxtunarkröfu (WACC) sem notuð er við núvirðingu sjóðstreymis. Ávöxtunarkrafan er borin saman við fjármagnskostnað félagsins og aðrar markaðsforsendur.
- Forsendur stjórnenda voru bornar saman við ytri og innri gögn.
- Við yfirföllum skýringar í ársreikningi og staðfestum að helstu upplýsingar sem reikningsskilareglur kveða á um kæmu fram.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh:

Lykilþáttur	Endurskoðunin
Tekjuskráning Tekjuskráningarkerfi samstæðunnar skrá mikinn fjölda færslna í ýmsum kerfum. Tekjur samstæðunnar skiptast niður á farsímaþjónustu, gagnaflutning, sjónvarpsþjónustu, auglýsingamiðlun, vörusölu búnaðar og aðrar tekjur. Gerð er grein fyrir tekjuskráningu samstæðunnar í skýringu 34.4. Skráning tekna er einn af lykilþáttum í endurskoðun á ársreikningi samstæðunnar vegna mikils fjölda af færslum í tekjuskráningarkerfum samstæðunnar.	Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að leggja mat á hönnun, innleiðingu og virkni á sjálfvirkum eftirlitsþáttum með tekjuskráningu auk viðeigandi gagnaendurskoðunaraðgerða með það að markmiði að sannreyna heild og nákvæmni í tekjuskráningu og að tekjur séu skráðar á viðeigandi tímabil. Í þeirri vinnu fólst m.a.: • Lagt var mat á þau fjárhags- og upplýsingakerfi sem notuð eru við tekjuskráningu og flæði á milli tekjurerfa og fjárhagskerfis. Einnig voru framkvæmdar prófanir á völdum sjálfvirkum eftirlitsþáttum sem eru til staðar í ferlinu. • Skoðun á aðgangsheimildum starfsmanna í fjárhags- og upplýsingakerfum samstæðunnar. • Skoðun á eftirlitsþáttum við reikningagerð sem eru hannaðir til að tryggja réttmæti og nákvæmni útsendra reikninga. • Greiningaraðgerðum var beitt á væntar tekjur. • Greiningartæki var notað við skoðun á tekjufærslum í þeim tilgangi að greina óvenjulegar færslur til frekari skoðunar.
Aðrar upplýsingar Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru upplýsingar í ársskýrslu að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt sem hluta af endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum. Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.	
Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það. Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð samstæðuársreikningsins.	

Áritun óháðs endurskoðanda, frh:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Skipuleggjum við og framkvæmum endurskoðun samstæðunnar til að afla nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar félaga eða eininga innan samstæðunnar sem grundvöll til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og mati á endurskoðunarvinnu vegna samstæðunnar. Við berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh:

Áritun og staðfesting vegna annarra ákvæða laga og reglna

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Símans hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á því hvort samstæðuársreikningur Símans hf. fyrir árið 2025 með skráarheitið 254900X9GQZN6UGXYF10-2025-12-31-is.xbri hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið í samræmi við reglugerð ESB 2019/815 sem inniheldur skilyrði sem tengjast gerð samstæðuársreikningsins á XHTML formi og iXBRL merkingum.

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021. Í því felst meðal annars að útbúa samstæðuársreikninginn á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar ESB 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið.

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu, byggt á gögnum sem við höfum aflað, um hvort samstæðuársreikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með álini okkar. Eðli, tímasetning og umfang vinnunnar byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á hættunni á að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglunum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Símans hf. fyrir árið 2025 með skráarheitið 254900X9GQZN6UGXYF10-2025-12-31-is.xbri sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Sigríður Soffía Sigurðardóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun samstæðuársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 17. febrúar 2026.

KPMG ehf.

Sigríður Soffía Sigurðardóttir
Díana Hilmarsdóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Sala	5	27.998	27.189
Kostnaðarverð sölu	6	(17.288)	(17.328)
Framlegð		10.710	9.861
Aðrar rekstrartekjur		769	643
Rekstrarkostnaður	7	(7.881)	(7.629)
Stjórnvaldssekt og skaðabætur		(461)	0
Rekstrarhagnaður		3.137	2.875
Fjármunatekjur		1.041	734
Fjármagnsgjöld		(2.045)	(1.841)
Gengismunur		(57)	(6)
Hrein fjármagnsgjöld	9	(1.061)	(1.113)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		2.076	1.762
Tekjuskattur	10	(485)	(381)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		1.591	1.381
EBITDA	4	6.960	7.147
Hagnaður á hlut			
Hagnaður á hlut	11	0,66	0,54
Þynntur hagnaður á hlut	11	0,65	0,54

Skýringar á blaðsíðum 14 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur ársins 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	13	3.555	3.543
Leigueignir	14	1.843	1.844
Óefnislegar eignir	15	27.048	26.243
Aðrar eignir	17	871	638
Fastafjármunir		<u>33.317</u>	<u>32.268</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	18	1.550	1.339
Viðskiptakröfur	19	2.538	2.503
Útlán	20	4.204	3.204
Aðrar skammtímakröfur	21	1.733	1.033
Handbært fé		980	835
Veltufjármunir		<u>11.005</u>	<u>8.914</u>
Eignir samtals		<u><u>44.322</u></u>	<u><u>41.182</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		2.331	2.483
Lögbundinn varasjóður		583	621
Annað bundið eigið fé		1.390	828
Óráðstafað eigið fé		12.797	14.184
Eigið fé	22	<u>17.101</u>	<u>18.116</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	23	13.127	12.733
Leiguskuldbindingar	24	1.573	1.571
Viðskiptaskuldir	26	734	0
Tekjuskattsskuldbinding	25	629	686
Langtímaskuldir		<u>16.063</u>	<u>14.990</u>
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		1.401	2.084
Viðskiptaskuldir	26	4.596	3.760
Næsta árs afborganir langtímaskulda	23	3.000	429
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	24	396	351
Skattar til greiðslu		542	255
Aðrar skammtímaskuldir	27	1.223	1.197
Skammtímaskuldir		<u>11.158</u>	<u>8.076</u>
Skuldir samtals		<u>27.221</u>	<u>23.066</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>44.322</u></u>	<u><u>41.182</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 14 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Eiginfjárfirlit ársins 2025

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2024	2.517	0	629	570	13.884	17.600
Hagnaður og heildarhagnaður ársins					1.381	1.381
Greiddur arður (0,2 á hlut)				(	500)	(500)
Keypt eigin bréf	(135)	(899)	(33)	(	357)	(1.424)
Seld eigin bréf	101	899	25	(	25)	1.000
Fært á bundið eigið fé				258	(258)	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga					59	59
Eigið fé 31.12.2024	2.483	0	621	828	14.184	18.116
Eigið fé 1.1.2025	2.483	0	621	828	14.184	18.116
Hagnaður og heildarhagnaður ársins					1.591	1.591
Greiddur arður (0,2 á hlut)				(	498)	(498)
Keypt eigin bréf	(173)	(	43)	(	2.143)	(2.359)
Seld eigin bréf	21		5		193	219
Fært á bundið eigið fé				562	(562)	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga					32	32
Eigið fé 31.12.2025	2.331	0	583	1.390	12.797	17.101

Skýringar á blaðsíðum 14 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		3.137	2.875
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	13-15	3.823	4.272
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(	67)	(2)
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		32	59
		<u>6.925</u>	<u>7.204</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, hækkun	(	158)	(312)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, hækkun	(	619)	(77)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun		149	145
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(	628)	(244)
		<u>6.297</u>	<u>6.960</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta			
		6.297	6.960
Innborgaðir vextir		948	742
Greiddir vextir	(	1.959)	(1.612)
Greiddir skattar	(	255)	(289)
Handbært fé frá rekstri		<u>5.031</u>	<u>5.801</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	13	(1.236)	(1.146)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	15	(1.743)	(2.549)
Söluverð rekstrarfjármuna		28	22
Útlán, breyting	(	1.348)	(597)
Kaup á dótturfélögum að frádregnu handbæru fé	22	0	(5.352)
Söluverð félaga		91	0
Fjárfestingarhreyfingar	(	4.208)	(9.622)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	(	498)	(499)
Kaup eigin bréfa	22	(2.359)	(1.424)
Seld eigin bréf		219	0
Tekin ný langtímalán		14.700	6.000
Afborganir langtímalána	23	(11.679)	(460)
Afborganir leiguskuldbindinga	24	(369)	(362)
Skammtímalán, breyting	(	682)	(404)
Fjármögnunarhreyfingar	(	668)	2.851
Breyting á handbæru fé		155	(970)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(	10)	(5)
Handbært fé í byrjun ársins		835	1.810
Handbært fé í lok ársins		<u>980</u>	<u>835</u>

Skýringar á blaðsíðum 14 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“. Dótturfélög Símons hf. eru Síminn Pay ehf., Radíómiðun ehf., Billboard ehf., BBI ehf. og Noona Iceland ehf.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta, fjártækni og miðlunar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

2.1. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Auk þess hefur samstæðan beitt ákvæðum laga nr. 3/2006 um ársreikninga þegar ekki er kveðið á um tiltekin atriði í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og viðbótarkröfur ársreikningalaga um upplýsingagjöf. Samantekt á mikilvægum reikningsskilaaðferðum er að finna í skýringu 34.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu ársreikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundum þann 17. febrúar 2026.

2.2. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

2.3. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

2.4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í skýringu 15 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild.

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð ársreikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2024.

4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Starfsþáttur	Lýsing
Farsímaþjónusta:	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
Gagnaflutningur:	Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.
Sjónvarpsþjónusta:	Dreifing á sjónvarpsefni, áskriftir og notkun á miðlum félagsins.
Auglýsingamiðlun	Auglýsingatekjur í umhverfismiðlun og sjónvarpi.
Vörusala:	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað:	Fjártækni og önnur starfsemi sem fellur ekki undir aðra starfsþætti.

Starfsþættir 2025	Farsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Auglýsinga- miðlun	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	6.974	8.246	7.075	2.574	1.636	2.262	28.767
Óskipt rekstrargjöld							(21.807)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)							6.960
Afskriftir							(3.823)
Hrein fjármagnsgjöld							(1.061)
Tekjuskattur							(485)
Hagnaður ársins							1.591
Fjárfestingar							(2.951)
Óskiptar eignir 31.12.2025							44.322
Óskiptar skuldir 31.12.2025							27.221

Starfsþættir 2024	Farsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta*	Auglýsinga- miðlun	Vörusala búnaðar	Annað*	Samtals
Rekstrartekjur	6.858	8.277	7.168	2.069	1.734	1.726	27.832
Óskipt rekstrargjöld							(20.685)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)							7.147
Afskriftir							(4.272)
Hrein fjármagnsgjöld							(1.113)
Tekjuskattur							(381)
Hagnaður ársins							1.381
Fjárfestingar							(3.673)
Óskiptar eignir 31.12.2024							41.182
Óskiptar skuldir 31.12.2024							23.066

* Breyting hefur verið gerð á starfsþáttayfirliti félagsins. Auglýsingamiðlun er sýnd sem starfsþáttur en var áður undir starfsþættinum Sjónvarpsþjónusta og tekjur Billboard voru undir starfsþættinum Annað. Samanburðartölum hefur verið breytt til samræmis.

5. Sala

Seld þjónusta og vörur greinast þannig:	2025	2024
Sala á þjónustu	23.692	23.286
Auglýsingasala	2.525	2.009
Vörusala	1.781	1.894
	<u>27.998</u>	<u>27.189</u>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	1.633	1.357
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	11.119	10.711
Samtengigjöld	606	641
Kostnaðarverð seldra vara	1.595	1.674
Eignfærð vinna	(291)	(192)
Afskriftir	2.626	3.137
	<u>17.288</u>	<u>17.328</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af: efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	3.761	3.681
Markaðs- og sölukostnaður	711	635
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður	232	234
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	1.108	1.014
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	872	930
Afskriftir	1.197	1.135
	<u>7.881</u>	<u>7.629</u>

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	4.430	4.142
Mótframlag í lífeyrissjóði	581	538
Önnur launatengd gjöld	383	358
	<u>5.394</u>	<u>5.038</u>

Ársverk	319	311
---------------	-----	-----

66% starfsmanna félagsins eru karlar (2024: 67%) og 34% konur (2024: 33%).

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á liði ársreiknings:

Kostnaðarverð sölu	1.633	1.357
Rekstrarkostnaður	3.761	3.681
	<u>5.394</u>	<u>5.038</u>

Að auki er kostnaður vegna kaupréttta starfsmanna færður á rekstrarkostnað, samtals 32 m.kr. (2024: 59 m.kr.)

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2025	2024
Fjármunatekjur		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum	266	284
Vaxtatekjur af útlánum	685	448
Söluhagnaður af eignarhlutum og fenginn arður	90	2
	<u>1.041</u>	<u>734</u>
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld	(1.648)	(1.488)
Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga	(165)	(113)
Niðurfærsla útlána	(138)	(190)
Önnur fjármagnsgjöld	(94)	(50)
	<u>(2.045)</u>	<u>(1.841)</u>
Gengismunur	(57)	(6)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(1.061)</u>	<u>(1.113)</u>

10. Skattar

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Tekjuskattur vegna ársins 2025 til greiðslu á árinu 2026 nemur 542 m.kr.

Greining á virku skatthlutfalli:

	2025	2024
Hagnaður fyrir skatta	2.076	1.762
Skatthlutfall	20,0% (415)	21,0% (370)
Ófrádráttarþær kostnaður	4,2% (88)	0,7% (12)
Óskattskyldar tekjur	(0,9%) 18	0,0% 0
Aðrar breytingar	0,0% 0	(0,1%) 1
Skattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>23,4% (485)</u>	<u>21,6% (381)</u>

11. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut miðar við hagnað sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virkra hluta að teknu tilliti til þynningaráhrifa væntra útgefina hluta vegna kaupréttta starfsmanna.

	2025	2024
Hagnaður ársins til hluthafa í móðurfélaginu	1.591	1.381
Hlutfé í ársbyrjun	2.483	2.517
Áhrif keyptra eigin bréfa	(76)	(58)
Áhrif sölu á eigin bréfum	5	84
Vegið meðaltal útistandandi hluta	<u>2.412</u>	<u>2.543</u>
Áhrif kaupréttarsamninga	18	0
Vegið meðaltal útistandandi hluta fyrir þynntan hagnað	<u>2.430</u>	<u>2.543</u>
Hagnaður á hlut	0,66	0,54
Þynntur hagnaður á hlut	0,65	0,54

12. Kaupréttarsamningar

Síminn hf. er með kaupréttaráætlun fyrir stjórnendur og ákveðna lykilstarfsmenn byggða á samþykkt aðalfundar 2023. Kauprétturinn nemur samtals 75.000.000 hlutum í félaginu. Kauprétturinn ávinnst á þremur árum frá úthlutun. Kaupverð ræðst af meðalverði hlutabréfa félagsins 10 daga fyrir undirritun kaupréttarsamnings. Við grunnverð bætast vextir sem skulu samsvara stýrivöxtum Seðlabanka Íslands á tímabilinu frá dagsetningu kaupréttarsamnings fram til nýtingardags, að lágmarki 4% á ári.

Síminn hf. er auk þess með kaupréttaráætlun fyrir starfsmenn félagsins byggða á samþykkt aðalfundar 2023. Starfsmenn hafa rétt til að kaupa hlutabréf fyrir allt að 1,5 m.kr. á ári í samræmi við 10. grein laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og ræðst verðið af meðalverði hlutabréfa félagsins 10 daga fyrir undirritun kaupréttarsamnings. Kaupréttur nær til allra fastráðinna starfsmanna félagsins.

Í rekstrarreikningi eru gjaldfærðar 32 m.kr. vegna kaupréttarsamninga. Heildarkostnaður félagsins vegna kaupréttarsamninga á næstu 3 árum er áætlaður um 56 m.kr. byggt á reiknilíkani Black-Scholes.

Eftirfarandi kaupréttarsamningar eru í gildi í árslok.

	Fjöldi hluta	Nýtingar-ár	Kaupverð á hlut
Útgefnir 2023 - stjórnendur og lykilstarfsmenn	28	2026 - 2029	13,18
Útgefnir 2024 - stjórnendur og lykilstarfsmenn	23	2028 - 2030	13,18
Útgefnir 2025 - stjórnendur og lykilstarfsmenn	17	2029 - 2031	14,01
Útgefnir 2023 - starfsmenn	26	2026	10,58
Útgefnir 2024 - starfsmenn	5	2026	9,75
Útgefnir 2025 - starfsmenn	3	2026	13,29
	<u>102</u>		

13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fjarskipta- og auglýsinga búnaður	Fasteignir og lóðir	Tæki, búnaður og bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2024	9.207	282	828	10.317
Kaup á árinu	1.069	0	77	1.146
Kaup á félagi	1.040	0	145	1.185
Selt og niðurlagt á árinu	(2.071)	0	(59)	(2.130)
Heildarverð 31.12.2024	9.245	282	991	10.518
Kaup á árinu	1.146	2	88	1.236
Selt og niðurlagt á árinu	(275)	(141)	(68)	(484)
Heildarverð 31.12.2025	<u>10.116</u>	<u>143</u>	<u>1.011</u>	<u>11.270</u>
Afskriftir og virðisrýrnun				
Afskrifað 1.1.2024	7.142	16	607	7.765
Afskriftir	860	0	91	951
Kaup á félagi	342	0	29	371
Selt og niðurlagt á árinu	(2.071)	0	(41)	(2.112)
Afskrifað alls 31.12.2024	6.273	16	686	6.975
Afskriftir	975	1	97	1.073
Selt og niðurlagt á árinu	(275)	(8)	(50)	(333)
Afskrifað alls 31.12.2025	<u>6.973</u>	<u>9</u>	<u>733</u>	<u>7.715</u>
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2024	2.065	266	221	2.552
Bókfært verð 31.12.2024	2.972	266	305	3.543
Bókfært verð 31.12.2025	3.143	134	278	3.555

13. Rekstrarfjármunir, frh.:

Fasteignamat húseigna og lóða samstæðunnar nam 238 m.kr. (2024: 319 m.kr.) og brunabótamat 329 m.kr. (2024: 529 m.kr.). Búnaður félagsins er tryggður fyrir 6.225 m.kr. (2024: 5.943 m.kr.).

Afskriftir rekstrarfjármuna, leigueigna og óefnislegra eigna skiptast þannig á rekstrarliði:	2025	2024
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	2.626	3.137
Annar rekstrarkostnaður	1.197	1.135
Samtals	<u>3.823</u>	<u>4.272</u>

Nýtingartími greinist á eftirfarandi hátt:

Fjarskiptabúnaður	3 - 10 ár
Fasteignir	3 - 10 ár
Tæki, búnaður og bifreiðar	3 - 10 ár

14. Leigueignir

Félagið leigir fasteignir, aðstöðu og bifreiðar. Þessir leigusamningar eru að jafnaði til 5 - 15 ára, með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans. Flestir leigusamningar innifela viðbótar leigugreiðslur sem eru byggðar á breytingu á tilteknum vísitölum.

Leigueignir greinast á eftirfarandi hátt:

	Fjarskipta- búnaður	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2024	240	1.439	53	1.732
Nýir samningar	0	1.506	21	1.527
Lokun á samningum	(64)	(48)	(18)	(130)
Verðbætur af leiguskuldbindingu	0	46	1	47
Heildarverð 31.12.2024	176	2.943	57	3.176
Nýir samningar	0	314	39	353
Lokun á samningum	0	(14)	(46)	(60)
Verðbætur af leiguskuldbindingu	0	75	0	75
Heildarverð 31.12.2025	176	3.318	50	3.544
Afskriftir				
Afskrifað 1.1.2024	28	944	28	1.000
Afskriftir	22	348	22	392
Afskriftir færðar út	(14)	(31)	(15)	(60)
Afskrifað alls 31.12.2024	36	1.261	35	1.332
Afskriftir	16	382	19	417
Afskriftir færðar út	0	(11)	(37)	(48)
Afskrifað alls 31.12.2025	52	1.632	17	1.701
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2024	212	495	25	732
Bókfært verð 31.12.2024	140	1.682	22	1.844
Bókfært verð 31.12.2025	124	1.686	33	1.843

15. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig:

Kostnaðarverð

	Viðskipta- vild	Hug- búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð 1.1.2024	38.558	4.776	9.054	52.388
Kaup á árinu	0	700	1.262	1.962
Kaup á félagi	4.944	4	1.220	6.168
Selt og niðurlagt á árinu	0	(76)	(1.082)	(1.158)
Heildarverð 31.12.2024	43.502	5.404	10.454	59.360
Endurflokkað	(340)	0	340	0
Kaup á árinu	0	798	2.338	3.136
Selt og niðurlagt á árinu	0	(1)	(5.138)	(5.139)
Heildarverð 31.12.2025	43.162	6.201	7.994	57.357

Afskriftir og virðisrýrnun

	Viðskipta- vild	Hug- búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Afskrifað 1.1.2024	23.683	2.810	4.848	31.341
Afskriftir	0	634	2.295	2.929
Kaup á félagi	0	1	5	6
Selt og niðurlagt á árinu	0	(77)	(1.082)	(1.159)
Afskrifað alls 31.12.2024	23.683	3.368	6.066	33.117
Afskriftir	0	661	1.672	2.333
Selt og niðurlagt á árinu	0	(3)	(5.138)	(5.141)
Afskrifað alls 31.12.2025	23.683	4.026	2.600	30.309

Bókfært verð

Bókfært verð 1.1.2024	14.875	1.966	4.206	21.047
Bókfært verð 31.12.2024	19.819	2.036	4.388	26.243
Bókfært verð 31.12.2025	19.479	2.175	5.394	27.048

Nýtingartími greinist á eftirfarandi hátt:

Hugbúnaður	2 - 14 ár
Aðrar eignir	2 - 15 ár

Aðrar eignir samanstanda af vörumerki félagsins, sýningarrétti, tíðnigjöldum og öðrum óefnislegum eignum.

Vörumerki félagsins er veðsett vegna lántöku félagsins.

15.1. Árlegt virðisrýrnunarpróf

Í lok reikningsárs var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs var endurheimtanlegt virði metið út frá nýtingarvirði þeirra fjárskapandi eininga sem viðskiptavildin tilheyrir. Viðskiptavild sem myndast hefur við kaup hefur verið útdelt niður á viðeigandi dótturfélög sem skilgreind eru sem minnstu aðgreinanlegu fjárskapandi einingar af stjórnendum samstæðunnar.

Viðskiptavild greinist þannig niður á fjárskapandi einingar:	2025	2024
Viðskiptavild Símans hf.	14.875	14.875
Viðskiptavild Billboard ehf.	3.459	3.459
Viðskiptavild Noona Iceland ehf.	1.145	1.485
Vörumerki undir öðrum eignum	1.589	1.589

15.1. Árlegt virðisrýrnunarpróf, frh.:

Endurheimtanlegar fjárhæðir fyrir fjárskapandi einingar eru byggðar á nýtingarvirði. Við mat á nýtingarvirði er stuðst við vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Fjárstreymi var áætlað með hliðsjón að fjárhæðum í samþykktum rekstraráætlunum næstu fimm ára ásamt föstum framtíðarnafnvexti eftir spátímabilið sem stjórnendur telja að endurspegli reynslu fyrri ára, framtíðarþróun í fjarskiptum og upplýsingatækni og aðrar ytri upplýsingar. Vænt fjárstreymi er fært til núvirðis með vegnum fjármagnskostnaði (WACC) viðkomandi fjárskapandi einingar. Ávöxtunarkrafan byggir á áhættulausum vöxtum að viðbættu álagi á samsetningu fjármögnunar fyrir hverja fjárskapandi einingu þar sem byggt er á ytri og innri gögnum.

Við mat á virði vörumerkja er byggt á væntu framtíðarfjárstreymi miðað við gefnar forsendur um endingartíma og að teknu tilliti til hugsanlegra skattaáhrifa. Ávöxtunarkrafan miðar við áhættulausa vexti að viðbættu álagi vegna sérstakrar og væntrar áhættu við viðkomandi vörumerki.

Nýtingarvirði byggir á nokkrum meginforsendum sem innhalda mat stjórnenda á framtíðarhorfum viðkomandi fjárskapandi einingar þar sem stuðst er við söguleg gögn, ytri sem og innri. Forsendurnar eru eftirfarandi:

	2025	2024
Síminn hf.		
Langtímavöxtur	2,0%	2,0%
Vegið meðaltal tekjuvaxtar á tímabilinu 2026-2030 / 2025-2029	2,2%	2,2%
EBITDA meðalvöxtur á tímabilinu 2026-2030 / 2025-2029	0,7%	0,4%
WACC	9,7%	10,6%
Skuldsetningarlutfall	59,9%	60,7%
Vextir	6,6%	7,4%
Billboard ehf.		
Langtímavöxtur	2,0%	2,0%
Vegið meðaltal tekjuvaxtar á tímabilinu 2026-2030 / 2025-2029	3,3%	3,7%
EBITDA meðalvöxtur á tímabilinu 2026-2030 / 2025-2029	4,0%	4,2%
WACC	12,1%	14,5%
Skuldsetningarlutfall	49,1%	33,5%
Vextir	6,6%	7,4%
Noona Iceland ehf.		
Langtímavöxtur	2,5%	-
Vegið meðaltal tekjuvaxtar á tímabilinu 2021-2025 / 2020-2024	13,7%	-
EBITDA meðalvöxtur á tímabilinu 2021-2025 / 2020-2024	21,4%	-
WACC	14,7%	-
Vextir	6,6%	-

Endurheimtanlegar fjárhæðir allra fjárskapandi eininga var metið hærra en eignagrunnur og því engin virðisrýrnun færð hjá félaginu.

Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs viðskiptavildar verða stjórnendur að meta ákveðnar forsendur sem notaðar eru í árlegu virðisrýrnunarprófi. Slíkt mat felur alltaf í sér ákveðna óvissu sem getur haft veruleg áhrif á útkomu prófanna ef forsendur reynast rangar. Fjárskapandi einingar félagsins eru ekki viðkvæmar fyrir breytingum á meginforsendum virðisrýrnunarprófsins og myndu raunhæfar breytingar á lykilforsendum ekki leiða til virðisrýrnunar.

16. Dótturfélög

Dótturfélög eru eftirfarandi:

	Staðsetning starfsemi	Eignarhlutur 2025	2024
Radíómiðun ehf.	Ísland	100%	100%
Síminn Pay ehf.	Ísland	100%	100%
Billboard ehf.	Ísland	100%	100%
BBI ehf.	Ísland	100%	100%
Noona Iceland ehf.	Ísland	100%	100%

17. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:

	2025	2024
Fjárfesting í öðrum félögum	57	8
Sjónvarpsefni til sýningar	468	522
Útlán til meira en 12 mánaða	346	108
Aðrar eignir samtals	<u>871</u>	<u>638</u>

17.1. Önnur félög

Í árslok átti félagið hlutabréf í tveimur erlendum félögum og tveimur innlendum félögum þar sem eignarhlutir voru lægri en 20%.

18. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir	724	710
Sjónvarpsefni til sýningar	826	629
Birgðir samtals	<u>1.550</u>	<u>1.339</u>

Vörunotkun vegna vörusölu ársins nam 1.595 m.kr. (2024: 1.673 m.kr.).

19. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur	2.653	2.617
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(115)	(114)
Viðskiptakröfur samtals	<u>2.538</u>	<u>2.503</u>

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	(114)	(78)
Breyting á niðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast	(49)	(73)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	48	37
Staða í lok árs	<u>(115)</u>	<u>(114)</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Lánsáhætta vegna viðskiptavina er lítil þar sem viðskiptamenn félagsins eru margir og ótengdir. Nánar er fjallað um áhættu vegna viðskiptakrafna í skýringu 28.

20. Útlán

Útlán félagsins samanstanda af útlánum dótturfélags Símans hf., Símans Pay ehf. Eingöngu er um að ræða útlán til einstaklinga á bilinu 1-36 mánuðir.

	Brúttó bókfært virði	Fært meðal langtíma- kafna	Vænt útlánatap	Skamm- tímahluti útlána
Útlán 31.12.2025:				
Útlán fastar greiðslur 1-36 mán	1.599	(345)	(74)	1.180
Kreditkort, sveigjanlegar greiðslur	3.158	0	(134)	3.024
	<u>4.757</u>	<u>(345)</u>	<u>(208)</u>	<u>4.204</u>

Útlán 31.12.2024:

Útlán fastar greiðslur 1-36 mán	678	(108)	(40)	530
Kreditkort, sveigjanlegar greiðslur	2.807	0	(133)	2.674
	<u>3.485</u>	<u>(108)</u>	<u>(173)</u>	<u>3.204</u>

Nánari upplýsingar um útlán má finna í skýringu 28.5 um áhættustýringu.

21. Aðrar skammtímafröfur

Aðrar skammtímafröfur greinast þannig:	2025	2024
Fyrirframgreiddur kostnaður	724	701
Aðrar skammtímafröfur	<u>1.009</u>	<u>332</u>
Aðrar skammtímafröfur samtals	<u>1.733</u>	<u>1.033</u>

22. Eigið fé

22.1. Hlutfé

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 2.475 m.kr. og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Á árinu var hlutfé félagsins lækkað úr 2.650 m.kr. niður í 2.475 m.kr. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Félagið á eigin hluti að nafnverði 144 m.kr. sem færðir eru til lækkunar á eigin fé (2024: 167 m.kr.). Samkvæmt gildandi endurkaupaáætlun keypti félagið eigin bréf á árinu með það að markmiði að lækka eigið fé félagsins.

22.2. Yfirverð

Yfirverð er munurinn á greiðslum í krónum sem félagið fékk við kaup, sölu og útgáfu á hlutfé og nafnverði útgefinna hluta.

22.3. Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

22.4. Annað bundið eigið fé

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Þýðingar- munur í dóttur- félögum	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Samtals
Staða 1.1. 2024	454	116	570
Breyting ársins		258	258
Staða 31.12.2024	<u>454</u>	<u>374</u>	<u>828</u>
Staða 1.1. 2025	454	374	828
Breyting ársins		562	562
Staða 31.12.2025	<u>454</u>	<u>936</u>	<u>1.390</u>

22.5. Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi samstæðunnar frá stofnun móðurfélagsins, að frádregnum arðgreiðslum og millifærslum til og frá öðrum eiginfjárliðum.

23. Vaxtaberandi skuldir

Lán félagsins greinast á eftirfarandi hátt:

	2025		2024	
	Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	9,70%	16.200	11,05%	13.179
Lántökukostnaður		(73)		(17)
Næsta árs afborganir		(3.000)		(429)
		<u>13.127</u>		<u>12.733</u>

Hreyfingar á vaxtaberandi skuldum greinast á eftirfarandi hátt:

	2025	2024
Staða í ársbyrjun.....	13.162	7.470
Kaup á dótturfélagi.....	0	138
Afborganir.....	(11.679)	(460)
Dreifing lántökukostnaðar.....	(56)	14
Tekin ný langtímalán.....	<u>14.700</u>	<u>6.000</u>
	<u>16.127</u>	<u>13.162</u>

Afborganir vaxtaberandi skulda greinast þannig:

Til greiðslu 2026 / 2025.....	3.000	429
Til greiðslu 2027 / 2026.....	0	12.750
Til greiðslu 2028 / 2027.....	1.200	0
Til greiðslu 2029 / 2028.....	<u>11.927</u>	<u>0</u>
Heildarlán að meðtöldum næsta árs afborgunum.....	<u>16.127</u>	<u>13.179</u>

Í lánaskilmálum eru kvaðir um ákveðin fjármálahlutföll sem eru uppfyllt. Skuldir félagsins eru tryggðar með veði í vörumerki félagsins. Lán félagsins sem eru til greiðslu árið 2029 eru með framlengingarheimild til ársins 2033.

24. Leiguskuldbindingar

Hreyfingar á leiguskuldbindingum greinast á eftirfarandi hátt:

	Fjarskipta- búnaður	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar	Samtals
Leiguskuldbindingar 1.1.2024.....	218	535	26	779
Leigugreiðslur.....	(26)	(426)	(23)	(475)
Greiddir vextir.....	8	103	2	113
Nýir samningar.....	0	1.506	21	1.527
Lokun á samningum.....	(52)	(12)	(5)	(69)
Verðbætur af leiguskuldbindingu.....	<u>0</u>	<u>46</u>	<u>1</u>	<u>47</u>
Leiguskuldbindingar 31.12.2024.....	148	1.752	22	1.922
Leigugreiðslur.....	(21)	(492)	(22)	(535)
Greiddir vextir.....	8	155	2	165
Nýir samningar.....	0	314	39	353
Lokun á samningum.....	0	(3)	(8)	(11)
Verðbætur af leiguskuldbindingu.....	<u>0</u>	<u>75</u>	<u>0</u>	<u>75</u>
Leiguskuldbindingar 31.12.2025.....	<u>135</u>	<u>1.801</u>	<u>33</u>	<u>1.969</u>

24. Leiguskuldbindingar, frh.:

Leiguskuldbinding greinast á eftirfarandi hátt:	2025	2024
Til greiðslu 2026 / 2025.....	396	351
Til greiðslu 2027 / 2026.....	361	362
Til greiðslu 2028 / 2027.....	357	330
Til greiðslu 2029 / 2028.....	121	314
Til greiðslu 2030 / 2029.....	115	93
Afborganir síðar.....	619	472
Heildarleiguskuldbinding að meðtöldum næsta árs afborgunum.....	1.969	1.922

Leigugreiðslur:

2025	Fjarskipta- búnaður	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar	Samtals
Leigugreiðslur.....	21	492	22	535
Þar af:				
Vaxtagjöld (sjá skýringu 9).....	8	155	2	165
Afborgun höfuðstóls.....	13	337	20	370

2024

Leigugreiðslur.....	26	426	23	475
Þar af:				
Vaxtagjöld (sjá skýringu 9).....	8	103	2	113
Afborgun höfuðstóls.....	18	319	21	358

Leiguskuldbindingar er flokkaðar á eftirfarandi hátt í efnahagsreikningi:	2025	2024
Langtímaskuldir.....	1.573	1.571
Skammtímaskuldir.....	396	351
	1.969	1.922

Ónúvirtar greiðslur af leiguskuldbindingum:	Leigu- greiðslur	Vaxta- greiðslur	Afborgun höfuðstóls 2025	Afborgun höfuðstóls 2024
Til greiðslu 2026 / 2025.....	541	144	397	351
Til greiðslu 2027 / 2026.....	471	111	360	362
Til greiðslu 2028 / 2027.....	435	79	356	330
Til greiðslu 2029 / 2028.....	180	59	121	314
Til greiðslu 2030 / 2029.....	164	49	115	93
Afborganir síðar.....	750	130	620	472
	2.541	572	1.969	1.922

Áhrif leigusamninga í rekstrarreikningi eru eftirfarandi:	2025	2024
Afskriftir leigueigna.....	417	392
Vaxtagjöld leigusamninga.....	165	113
	582	505
Leigugreiðslur.....	(535)	(475)
Tekjur (kostnaður) vegna leigusamninga umfram leigugreiðslur.....	47	30

EBITDA leiðrétt fyrir leigugreiðslum (fyrir IFRS 16) er eftirfarandi:		
EBITDA samkvæmt rekstrarreikningi.....	6.960	7.147
Leigugreiðslur.....	(535)	(475)
EBITDAal (EBITDA eftir leigugreiðslur).....	6.425	6.672

24. Leiguskuldbindingar, frh.:

Framlengingarákvæði

Flestir leigusamningar félagsins um fasteignir fela í sér framlengingarheimildir sem því er heimilt að nýta allt að einu ári fyrir lok óuppseggjanlegs leigutímabils. Félagið leggur mat á það við upphaf leigusamnings hvort það sé talið nokkuð líklegt að það muni nýta heimildir til framlenginga. Ef verulegar breytingar verða á aðstæðum sem eru á valdi félagsins, mun það endurmeta hvort framlengingarheimildir verði nýttar.

25. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

	2025	2024
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	686	232
Kaup á dótturfélögum.....	0	336
Tekjuskattur tímabilsins.....	485	381
Skattar til greiðslu.....	(542)	(255)
Leiðrétting frá fyrra ári.....	0	(8)
Tekjuskattsskuldbinding samtals.....	<u>629</u>	<u>686</u>

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Rekstrarfjármunir.....	(150)	(174)
Óefnislegar eignir.....	(517)	(550)
Skammtímakröfur.....	(23)	(22)
Leigðar eignir.....	(369)	(368)
Leiguskuldbindingar.....	394	384
Gengismunur.....	8	3
Skattalegt tap.....	28	41
	<u>(629)</u>	<u>(686)</u>

Á árinu 2025 lækkar tekjuskattshlutfall félagsins úr 21% í 20%. Áhrif þess á tekjuskattsskuldbindingu félagsins eru metin óveruleg og því ekki færð í ársreikninginn.

26. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:

	2025	2024
Viðskiptaskuldir	3.374	3.190
Áfallinn kostnaður	<u>1.222</u>	<u>570</u>
Viðskiptaskuldir samtals	<u>4.596</u>	<u>3.760</u>

Viðskiptaskuldir sem koma til greiðslu eftir 12 mánuði eða meira falla undir viðskiptaskuldir meðal langtímaskulda.

27. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Áfallinn kostnaður	664	587
Ógreidd laun og launatengd gjöld	203	217
Ógreiddur virðisaukaskattur	<u>355</u>	<u>393</u>
Aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>1.223</u>	<u>1.197</u>

28. Áhættustýring

28.1. Stýring fjármögnunaráhættu

Félagið stýrir fjárhagssamsetningu þannig að tryggt sé að félög samstæðunnar séu rekstrarhæf, með það markmið að hámarka hagnað hluthafa með því að finna bestu samsetningu eigin fjár á móti skuldum. Stefna félagsins er óbreytt frá fyrra ári.

Fjárhagssamsetning félagsins samanstendur af lánum sem nánar eru upplistuð í skýringu númer 23, skammtímalánum og eigin fé sem samanstendur af útgefnu hlutafé, varasjóðum og óráðstöfuðu eigin fé.

28.2. Stýring fjárhagslegrar áhættu

Starfsemi félagsins hefur það í för með sér að rekstur, eignir, skuldir og eigið fé eru undirorpin fjárhagslegri áhættu. Sú áhætta samanstendur meðal annars af markaðsáhættu, mestmegnis tengdri gengi gjaldmiðla og vaxtastigi, lánsáhættu og lausafjáraáhættu. Fjárstýring Símans veitir félögum innan samstæðunnar miðlæga fjármálaþjónustu svo sem vegna fjármögnunar, gjaldeyriskaupa, vaxtastýringar og áhættumats. Starfsemi fjárstýringar er hagað innan ramma fjárstýringarstefnu Símans sem er endurskoðuð reglulega af stjórn félagsins. Félagið tekur ekki stöðu í fjármálagerningum, þar með talið afleiddum fjármálagerningum, byggða á spákaupmennsku.

28.3. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Breytingar á markaðsvöxtum hafa áhrif á vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi. Útlánasafn félagsins samanstendur af lánum í ISK með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins eru hærri en vaxtaberandi fjáreignir, en vaxtaáhættan er vegna breytilegra vaxta. Áhættan liggur því á möguleg hækkun á vöxtum leiði til hækkunar á fjármagnsliðum.

Næmnigreining á breytingum á vöxtum var gerð miðað við stöðu á fjáreignum og fjárskuldum í lok ársins. Næmnigreiningin gerir ráð fyrir að fjárhæð fjárskulda með breytilega vexti í lok árs sé eins allt árið. Miðað við 100 punkta hækkun á markaðsvöxtum og að allar aðrar forsendur séu óbreyttar þá breytist afkoma og eigið fé um 122 m.kr. eftir skatta. (2024: 97 m.kr.). Fjáreignir og fjárskuldir félagsins með fasta vexti eru ekki færðar á gangvirði og því ekki næmar fyrir breytingum á vöxtum.

28.4. Gjaldmiðlaáhætta

Félagið ber stærstu gjaldmiðlaáhættu gagnvart EUR og USD. Hluti af fjárfestingum félagsins er í erlendri mynt ásamt rekstrargjöldum. Að minna marki hefur gengið áhrif á rekstrartekjur félagsins. Í árslok 2025 voru engin af langtímalánum félagsins í erlendum gjaldmiðlum, eins og í árslok 2024.

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu má sjá í eftirfarandi töflu:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2025	2024	2025	2024
EUR	144,6	149,3	147,2	143,9
USD	128,4	137,9	125,2	138,2

Eignir og skuldir félagsins í erlendri mynt miðað við gengi í lok árs má sjá í eftirfarandi töflu:

	Eignir		Skuldir	
	2025	2024	2025	2024
EUR	177	169	1.653	320
USD	67	35	466	371
Aðrir gjaldmiðlar	3	5	2	11
	247	209	2.121	702

Efnahagsreikningur félagsins er ekki viðkvæmur gagnvart flökti á gengi gjaldmiðla. Næmnigreining á gengisáhættu metur áhrif flöks gengis gjaldmiðla á útstandandi fjármagnsliði miðað við gengi við lok núverandi tímabils. Gert er ráð fyrir að allar aðrar breytur séu fastar. Áhrifin að teknu tilliti til skatta á afkomu og eigið fé eru 15 m.kr. (2024: 4 m.kr) hækkun/lækkun fyrir hvert 1% í hækkun/lækkun á gengi krónunnar.

28. Áhættustýring, frh.:

28.5. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Áhætta félagsins gagnvart lánsáhættu er takmörkuð við fjárhagslegar eignir listaðar á efnahagsreikningi auk vissra ábyrgða. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Viðskiptakröfur félagsins eru á hendur fjöldamörgum viðskiptavinum sem dreifast á margar starfsgreinar og landssvæði. Viðskiptakröfur eru því ekki háðar fáum stórum viðskiptavinum.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	Mesta mögulega tap	
	2025	2024
Langtímakröfur	346	108
Viðskiptakröfur	2.653	2.617
Útlán	4.663	3.425
Aðrar skammtímakröfur	1.733	1.033
Handbært fé	980	835
	<u>10.375</u>	<u>8.018</u>

Viðskiptakröfur:

Meirihluti viðskiptakrafna félagsins eru til greiðslu innan 90 daga. Mynduð er niðurfærsla vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Eftirfarandi tafla sýnir aldursdreifingu viðskiptakrafna sem komnar eru á gjalddaga að teknu tilliti til niðurfærslu:

	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
	2025	2024	2025	2024
Ógjaldfallið	1.319	1.295	37	36
Gjaldfallið innan 30 daga	1.139	1.182	16	20
Gjaldfallið fyrir 31-60 dögum	85	54	11	9
Gjaldfallið fyrir 61-180 dögum	70	42	21	19
Gjaldfallið fyrir meira en 180 dögum	40	44	30	30
	<u>2.653</u>	<u>2.617</u>	<u>115</u>	<u>114</u>

Lánsáhætta vegna viðskiptavina er lítil þar sem að viðskiptamenn félagsins eru margir og ótengdir. Því telja stjórnendur félagsins ekki þörf á frekari varúðarfærslum umfram hefðbundnar niðurfærslur. Undir rekstrarkostnaði voru gjaldfærðar 49 m.kr. vegna niðurfærslu krafna á árinu 2025 (2024: 72 m.kr.). Sjá nánar í skýringu 19.

Útlán:

Lánshæfismódel Símanum Pay er þróað og viðhaldið í samstarfi við CreditInfo. Módelið er stöðugt í þróun og ítrun með sérfræðingum CreditInfo og utanaðkomandi sérfræðingum í útlánaeftirliti og innheimtu. Þegar viðskiptavinir sækja um lánalínu hjá Símanum Pay er lánshæfi þeirra metið út frá viðeigandi gögnum, þar á meðal launatekjum, vanskilasögu og lánshæfiseinkunn CreditInfo.

Félagið notar virðisrýrnunarlíkan við mat á væntri útlánaáhættu sem er í samræmi við kröfur IFRS 9. Félagið framkvæmir áhættumat til að meta líkur á vanefndum viðskiptavina. Einstaklingar eru flokkaðir frá A1 til E3, þar sem A1 reiknast með minnstu og E3 með mestu líkur á vanefndum. Engar tryggingar eru á bakvið lánin.

Útlán þar sem ekki mælist marktæk aukning á útlánaáhættu falla undir stig 1. Útlán þar sem mælist marktæk aukning á útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu falla undir stig 2. Útlán sem eru í vanefndum af hálfu lántaka falla undir stig 3.

28. Áhættustýring, frh.:

28.5. Lánsáhætta, frh.:

31. desember 2025

Útlán til einstaklinga:	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Einkunn A	2.824	43	6	2.873
Einkunn B	1.211	50	9	1.270
Einkunn C	183	10	4	197
Einkunn D	119	24	13	156
Einkunn E	58	26	177	261
Brúttó staða	4.395	153	209	4.757
Vænt útlánatap	(80)	(16)	(112)	(208)
Bókfærð staða	4.315	137	97	4.549

31. desember 2024

Útlán til einstaklinga:	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Einkunn A	1.925	17	13	1.955
Einkunn B	1.002	14	13	1.029
Einkunn C	136	5	3	144
Einkunn D	102	13	16	131
Einkunn E	47	24	155	226
Brúttó staða	3.212	73	200	3.485
Vænt útlánatap	(64)	(9)	(100)	(173)
Bókfærð staða	3.148	64	100	3.312

28.6. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náninni framtíð. Félagið mætir þessari áhættu með því að gera áætlanir um greiðslur og tryggja nægjanlega varasjóði. Eftirfarandi tafla greinir skuldbindingar félagsins eftir gjalddögum þeirra. Taflan miðar við ónúvirtar greiðslur og að greitt sé á fyrsta samningsbundna greiðsludegi. Vegið meðaltal fljótandi vaxta í lok árs er 8,96% (2024: 10,23%).

	Bókf. verð	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	> 5 ár	Samtals
31. desember 2025						
Langtímalán	16.127	4.308	3.508	12.539		20.355
Leiguskuldbindingar	1.969	541	471	780	749	2.541
Viðskiptaskuldir	6.553	5.819	734			6.553
Skammtímalán	1.401	1.457				1.457
	26.050	12.125	4.713	13.319	749	30.906
31. desember 2024						
Langtímalán	13.162	3.370	11.380			14.750
Leiguskuldbindingar	1.922	508	486	937	596	2.527
Viðskiptaskuldir	4.957	4.957				4.957
Skuldir við lánastofnanir	2.084	2.282				2.282
	22.125	11.117	11.866	937	596	24.516

28.7. Gangvirði

Það er mat stjórnenda að ekki sé verulegur munur á bókfærðu virði fjáreigna og fjárskulda og gangvirði þeirra í reikningsskilunum.

29. Ábyrgðir og önnur mál

Félagið hefur lagt eignir að veði til að tryggja skuldbindingar vegna lána, tryggingabréfið er að fjárhæð 21,6 ma.kr. (2024: 14 ma.kr.) í árslok.

30. Málarekstur

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands komst að þeirri niðurstöðu að sekta Símann um 76,5 m.kr. á grundvelli þess að stofnunin taldi að Síminn hefði ekki birt ætlaðar innherjaupplýsingar eða tekið ákvörðun um frestun á birtingu á ætluðum innherjaupplýsingum þann 31. ágúst 2021 í tengslum við sölu á dótturfélaginu Mílu ehf. Síminn áfrýjaði málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur til að fá ákvörðuninni hnekktt en Héraðsdómur sýknaði Seðlabankann. Síminn áfrýjaði dóminum til Landsréttar og sýknaði Landsréttur Seðlabankann með dómi uppkveðnum þann 12. febrúar 2026. Félagið er að meta hvort sóst verði eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar. Félagið hefur greitt fjárhæðina en ekki gjaldfært í rekstri.

Símanum barst andmælaskjal frá Samkeppniseftirlitinu í tengslum við kaupin á Noona Iceland. Frumskoðun Samkeppniseftirlitsins er að brotið hafi verið gegn ákvæðum samkeppnislaga í tengslum við upplýsingagjöf gagnvart Samkeppniseftirlitinu þegar stofnunin var með kaupin á Noona Iceland til skoðunar. Einnig eru gerðar athugasemdir við hugsanlega framkvæmd samrunans áður en rannsókn eftirlitsins lauk. Síminn hefur svarað andmælaskjalinu og hefur sett fram sjónarmið félagsins.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöðu þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Félagið hefur ekki fært neinn kostnað í reikningsskil sín vegna mögulegra bóta í framangreindum málum.

31. Tengdir aðilar

Hluthafar sem hafa veruleg áhrif á starfsemi samstæðunnar, stjórnendur og stjórnarmenn og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög sem þeir ráða yfir teljast til tengdra aðila. Viðskipti við tengda aðila eru óveruleg. Viðskiptum milli félaga sem innifalin eru í samstæðureikningi hefur verið eytt út í samstæðureikningi félagsins.

Laun og hlunnindi til stjórnar og stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félög í samstæðunni og eignarhlutir í félaginu greinast þannig:

Fyrir árið 2025	Laun og hlunnindi	Kaupaukar	Mótframlag í lífeyrissjóð	Fjöldi hluta beinn/óbeinn
Laun og hlunnindi stjórnar og framkvæmdastjórnar				
Jón Sigurðsson, formaður	12,1		1,4	461,2
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður	8,0		1,1	0,2
Arnar Þór Mátsson, stjórnarmaður	7,6		0,9	0,0
Bjarni Þorvarðarson, stjórnarmaður	6,7		0,9	0,0
Valgerður Halldórsdóttir, stjórnarmaður	7,6		0,9	0,0
María Björk Einarsdóttir, forstjóri	57,0	2,2	7,4	0,0
Framkvæmdastjórnar*	149,2	20,4	26,6	0,4
Starfslokalaun**	86,8		11,7	0,0
	335,0	22,6	50,9	461,8

*Framkvæmdastjórnar hjá móðurfélagi yfir árið, samtals 7 aðilar í 5 stöðugildum.
**Greidd laun og hlunnindi tengd starfslokum forstjóra og fjögurra framkvæmdastjóra.

31. Tengdir aðilar, frh.:

Fyrir árið 2024

	Laun og hlunnindi	Kaupaukar	Mótframlag í lífeyrissjóð	Fjöldi hluta beinn/óbeinn
Laun og hlunnindi stjórnar og framkvæmdastjórnar				
Jón Sigurðsson, formaður	11,7		1,3	461,2
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður	7,6		1,0	0,2
Arnar Þór Músson, stjórnarmaður	7,2		0,8	0,0
Bjarni Þorvarðarson, stjórnarmaður	6,5		0,9	0,0
Valgerður Halldórsdóttir, stjórnarmaður	4,9		0,6	0,0
Björk Viðarsdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	1,2		0,1	0,0
María Björk Einarsdóttir, forstjóri	18,2		2,3	0,0
Orri Hauksson, fyrrverandi forstjóri*	44,3	11,6	7,5	16,7
Framkvæmdastjórnar**	165,0	40,6	26,3	11,7
Starfslokalaun ***	160,2		21,2	0,0
	426,8	52,2	62,0	489,8

*Innifelur laun fráfarandi forstjóra í 8 mánuði ársins. Fjöldi hluta miðast við eign við starfslok.

**Framkvæmdastjórnar hjá móðurfélagi yfir árið, samtals 7 aðilar í 5 stöðugildum.

***Greidd laun og hlunnindi tengd starfslokum forstjóra og tveggja framkvæmdastjóra.

32. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda samstæðunnar sundurliðast þannig:

	2025	2024
Endurskoðun ársreiknings	24	21
Önnur leyfð þjónusta, áreiðanleikakönnun, skattaþjónusta og önnur staðfestingarvinna	13	9
Þóknun til endurskoðenda samstæðunnar samtals	37	30

33. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á ársreikninginn.

34. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum af öllum félögum í samstæðunni. Þeir reikningsskilastaðlar sem tóku gildi 1. janúar 2025 hafa ekki veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

Til að auka upplýsingagildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

34.1. Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, þar áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni.

Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til samræmis við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

34. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

34.2. Sameining félaga

Kaup á dótturfélögum eru færð samkvæmt kaupaðferð en í henni felst að eignir, skuldir og eiginfjárgærnir útgefnir af samstæðunni, sem látin eru í skiptum fyrir yfirráð í keyptu félagi, eru metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptakostnaður tengdur kaupunum er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

Ef kaupin fela í sér óvissa greiðslu er eignin eða skuldin sem tengist kaupunum metin á gangvirði á kaupdegi og hluti kaupverðsins sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í eignum, skuldum og óvissum skuldum félaga á kaupdegi er færður sem viðskiptavild. Síðari breytingar á gangvirði slíkra eigna og skulda eru færðar til jöfnunar á kostnaði tengdum kaupunum þar sem þær uppfylla skilyrði um leiðréttingu á tímabilinu (sjá hér að neðan). Allar aðrar síðari breytingar á gangvirði óvissra eigna og skulda eru færðar í samræmi við viðeigandi IFRS staðal.

Matstímabilið er frá kaupdegi til þess dags er félagið hefur fengið fullnægjandi upplýsingar um aðstæður á kaupdegi, að hámarki 1 ár.

34.3. Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við sameiningu er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi (á kaupdegi). Viðskiptavild er mismunur á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavildin er færð í starfsrækslugjaldmiðli keyptu einingarinnar og uppreiknuð miðað við uppgjörsgengi í lok uppgjörstímabils.

Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftast ef vísbending um virðisrýrnun er til staðar. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs er viðskiptavildinni skipt niður á fjárskapandi einingar. Þær fjárskapandi einingar sem viðskiptavildinni hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og ef bókfært verð er hærra en virði þeirra hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðar aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi fjárskapandi einingu. Óheimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun viðskiptavilda á síðari tímabilum.

Við sölu á dótturfélagi er fjárhæð viðskiptavilda, sem rekja má til þess, reiknuð inn í söluhagnað eða sölutap sem birt er í rekstrarreikningi.

34.4. Tekjur

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar félagið hefur uppfyllt samningsskyldu sína sem er yfirleitt við afhendingu, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt.

Megintekjuflokkar félagsins eru eftirfarandi: samtengingar- og reikitekjur, mánaðargjöld, stofngjöld, línuleigur, útseld vinna, auglýsingar í sjónvarpi og notendabúnaður.

Mánaðargjöld eru tekjufærð miðað við áskriftartímabil en tekjur vegna umferðar eru færðar miðað við raunverulega notkun viðskiptavina. Tekjum vegna fyrirframgreiddrar þjónustu er frestað þar til viðskiptavinur nýtir þá þjónustu sem hann hefur greitt fyrir.

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda.

Auglýsingatekjur í sjónvarpi eru færðar í rekstrarreikning þegar auglýsingar eru birtar. Tekjufærsla þeirra er gerð við fyrstu sýningu þrátt fyrir að sama auglýsing geti verið birt oftast en einu sinni vegna endursýninga á sjónvarpsþáttum. Sama regla gildir um kostun einstakra sjónvarpsþátta.

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsgengi. Staða verks er metin með hlíðsýn af vinnu sem lokið er.

34. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

34.5. Erlendir gjaldmiðlar

Ársreikningar félaga innan samstæðunnar eru gerðir í þeim gjaldmiðli sem stærstur hluti starfseminnar heyrir undir, þ.e. starfsrækslugjaldmiðli. Við gerð ársreiknings samstæðu eru ársreikningar erlendra dótturfélaga umreiknaðir í íslenskar krónur sem er starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill móðurfélagsins.

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi.

Við gerð samstæðuársreiknings eru eignir og skuldir erlendra félaga umreiknaðar á skráðu gengi reikningsskiladags. Tekjur og gjöld eru umreiknuð á meðalgengi ársins.

Við sölu erlendra rekstrareiningar er uppsafnaður gengismunur tengdur rekstrareiningunni í samstæðunni færður af eigin fé í rekstrarreikning. Þýðingarmunur sem búið var að ráðstafa til minnihluta er bakfærður en ekki gjaldfærður í rekstrarreikning.

Viðskiptavild og gangvirðisbreytingar vegna kaupa á erlendra starfsemi eru færðar á skráðu gengi reikningsskiladags.

34.6. Skattamál

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi á hverju skattasvæði.

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismuni efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er uppreiknuð fyrir allan tímabundinn mismun. Tekjuskattseign er uppreiknuð að því marki sem metið er að nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær.

Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman innan samstæðunnar þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skattar tímabilsins

Frestaður skattur er gjaldfærður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist liðum meðal eigin fjár en þá er hann færður meðal eigin fjár.

34.7. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þýntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þýntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta meðalfjölda virkra hluta vegna mögulegrar þýnningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út í samræmi við kaupréttarsamninga starfsmanna.

34. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

34.8. Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

Rekstrarfjármunir eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður eða tap vegna sölu rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á sóludegi og er fært í rekstrarreikning.

34.9. Óefnislegar eignir

Keyptar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar. Áætlaður nýtingartími er endurmetinn í lok hvers reikningsskilatímabils.

Óefnislegar eignir sem myndast við sameiningu félaga

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupdegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

34.10. Virðisrýrnun af öðrum eignum en viðskiptavild

Á reikningsskiladegi er bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna yfirfarið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Óefnislegar eignir sem hafa óendanlegan líftíma eru yfirfarnar í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta. Bakfærsla virðisrýrnunar færir í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkunin færð sem endurmatshækkun.

34.11. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

34.12. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldinni sem er fyrirliggjandi á reikningsskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er skuldbinding færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi.

Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er fjárhæð hennar færð til eignar.

34. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

34.13. Fjáreignir

Fjáreignir eru flokkaðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar. Öll almenn viðskipti með fjáreignir eru skráð á viðskiptadegi. Með almennum viðskiptum er átt við kaup og sölu fjáreigna sem grundvallast af samningi eða markaðsvenjum um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga. Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði, nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Eftir upphaflega skráningu eru fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Fjáreignir samanstanda af handbæru fé, verðbréfaeign, samningum, útlánum, viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

Virðisrýrnun fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbinding sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikningi, þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta. Ákveðin tegund fjáreigna eins og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig.

Afskráning fjáreigna

Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

34.14. Fjárskuldir

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar sem aðrar fjárskuldir.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, viðskiptaskuldir og aðrar fjárskuldir eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta.

Afskráning fjárskulda

Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar er fært í rekstrarreikning.

34.15. Leigusamningar

Við upphaf samnings leggur félagið mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða heild ef hann felur í sér afnotarétt yfir eign á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald. Við mat á því hvort leigusamningur felur í sér afnotarétt yfir eign notar félagið skilgreiningu leigusamnings í IFRS 16.

34. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

34.15.1. Félagið sem leigutaki

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar félagið endurgjaldinu á sérhvern leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hlutar fyrir sig. Fyrir leigusamninga um fasteignir hefur félagið hins vegar kosið að aðgreina ekki leiguhluta frá öðrum hlutum samningsins og færir þá sem einn leigusamning.

Félagið færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði, sem er upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og áætlaðs kostnaðar við að taka niður og fjarlægja eignina, eða til þess að færa eignina eða umhverfi hennar í samt horf að loknum leigusamningi, og að frádregnum leiguilvilnunum sem félagið hefur fengið.

Leigueignin er afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til félagsins í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að félagið muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigueignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar, sem er ákvarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármuni félagsins. Jafnframt er virði leigueignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisrýrnun hennar, ef einhver er, og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar.

Leiguskuld er upphaflega færð við núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti leigusamningsins, séu þeir tiltækir, en annars notar félagið þá vexti sem það fær af nýju lánsfé. Að jafnaði notar félagið vexti á nýju lánsfé til núvirðingar.

Félagið ákvarðar vexti af nýju lánsfé með því að sækja vaxtaupplýsingar vegna ólíkra fjármögnunarleiða og gerir tiltekna aðlaganir til að endurspegla skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leigð.

Leigugreiðslur sem eru innfaldar í ákvörðun fjárhæðar leiguskuldar fela í sér eftirfarandi:

- Fastar greiðslur, þar með talda leigugreiðslur sem eru samkvæmt eðli sínu fastar;
- Breytilegar leigugreiðslur tengdar vöxtum eða vísitölu, upphaflega áætlaðar miðað við vexti eða vísitölu á upphafsdegi;
- Fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að þurfi að greiða samkvæmt hrakvirðistryggingu; og
- Kaupverð samkvæmt kaupréttarákvæði í leigusamningi þegar félagið telur nokkuð víst að það muni nýta kaupréttinn, leigugreiðslur á valkvæðum framlengingartímabilum ef félagið er nokkuð viss um að það muni nýta framlengingarheimildir og greiðslur vegna uppsagnar leigusamnings fyrir lok leigutímans, nema félagið sé nokkuð viss um að nýta ekki uppsagnarheimildir.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, ef breyting verður á mati félagsins á fjárhæð sem það væntir að verði greidd samkvæmt hrakvirðistryggingu, ef félagið breytir mati sínu á því hvort það muni nýta kaupréttarákvæði, heimildir til framlengingar eða uppsagnar leigusamnings eða þegar breyting verður á fjárhæð leigugreiðslu sem er í eðli sínu föst.

Þegar leiguskuldin er endurmetin með þessum hætti er samsvarandi leiðrétting gerð á bókfærðu verði leigueignarinnar eða leiðrétting færð í rekstrarreikning félagsins ef bókfært virði leigueignarinnar hefur verið fært niður í núll.

Skammtímaleigusamningar og leigusamningar um lágvirðiseignir

Félagið kysir að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna leigusamninga um lágvirðiseignir og skammtímaleigusamninga. Félagið gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

35. Nýir reikningsskilastaðlar sem ekki hafa tekið gildi

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda fyrir fjárhagsár sem hefjast eftir 1. janúar 2025 og heimilt er að beita fyrir gildistöku þeirra. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð samstæðuársreikningsins.

A. IFRS 18 Framsetning og upplýsingagjöf í reikningsskilum

IFRS 18 mun koma í stað IAS 1 Framsetning reikningsskila og gildir fyrir ársreikninga fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar. Með nýja staðlinum eru settar fram nýjar lykilkröfur:

*Félögum ber að flokka allar tekjur og gjöld í fimm flokka í rekstrarreikningi, þ.e. rekstur, fjárfestingar, fjármögnun, aflagða starfsemi og tekjuskatt. Félög þurfa jafnframt að birta rekstrarafkomu sem skilgreinda millisamtölu. Afkoma félaga mun ekki breytast.

*Afkomumælikvarðar sem skilgreindir eru af stjórnendum (e. MPM) eru settir fram í einni skýringu í reikningsskilunum.

*Auknar leiðbeiningar um flokkun upplýsinga í reikningsskilum eru veittar.

Því til viðbótar, ber nú að nota rekstrarafkomu sem upphafs fjárhæð í sjóðstreymisýfirliti, þegar rekstrarhreyfingar eru settar fram með óbeinni aðferð.

Samstæðan er enn að meta áhrif nýja staðalsins, einkum með tilliti til framsetningar rekstrarreiknings samstæðunnar, sjóðstreymisýfirlits og viðbótarupplýsinga tengdar afkomumælikvörðum stjórnenda. Samstæðan er einnig að meta áhrifin af því hvernig upplýsingar eru flokkaðar í reikningsskilum, þar með talið vegna liða sem nú eru flokkaðir sem "annað".

B. Aðrir reikningsskilastaðlar

Ekki er búist við að eftirfarandi nýir og breyttir reikningsskilastaðlar hafi veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

– Flokkun og mat fjármálagerninga (Breytingar á IFRS 9 og IFRS 7); og

– Samningar um náttúruháða raforku (Breytingar á IFRS 9 og IFRS 7)

Stjórnarháttayfirlýsing

Umgjörð um stjórnarhætti

Stjórnarhættir hjá Símanum eru skilgreindir sem umgjörð utan um umsýslu og stjórnun fyrirtækisins og tæki til samskipta milli stjórnenda fyrirtækisins, félagsstjórnar, hluthafa og annarra hagsmunaaðila.

Stjórnarhættir Símans eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og siðareglum félagsins.

Stjórnarhættirnir fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfa 2021. Félagið hefur ekki sett sér stefnu um fjölbreytileika enn sem komið er. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja má m.a. finna á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is.

Hluthafafundur

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess. Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok maí ár hvert. Hlutablef félagsins eru rafræn og skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands, sem jafnframt hýsir hlutaskrána. Hlutaskráin er aðgengileg hluthöfum á skrifstofu félagsins.

Samþykktir

Samþykktir eru hluti af stofnskjölum hlutafélaga. Samþykktir Símans geyma m.a. reglur um tilgang félagsins, hlutafé, hluthafafundi, stjórn, ársreikninga og endurskoðun.

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skipa Jón Sigurðsson formaður, Sigrún Ragna Ólafsdóttir varaformaður stjórnar, Arnar Þór Másson, Bjarni Þorvarðarson og Valgerður Halldórsdóttir.

Jón Sigurðsson er fæddur 1978, hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 21. nóvember 2019. Jón er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og er forstjóri Stoða hf., en Stoðir eiga 18,63% hlutafjár í Símanum. Jón er stjórnarformaður S121 ehf., og situr í stjórn Bláa Lónsins hf., Eignarhaldsfélaginu Kolku ehf., Nathan hf., Emmessís ehf., Sökkla eignarhaldsfélags ehf., Bjarg Invest ehf., S380 ehf., Straumnes ehf., Straumnes eignarhaldsfélags ehf., Straumnes Ráðgjafar ehf., Square ehf. og S120 ehf.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir er fædd 1963, hún var fyrst kosin í stjórn félagsins 11. mars 2021. Sigrún Ragna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1987, fékk löggildingu sem endurskoðandi árið 1990 og lauk MBA námi frá Háskólanum í Reykjavík 2007. Sigrún Ragna er sjálfstætt starfandi ráðgjafi með viðtæka stjórnunar- og stjórnarreynslu. Hún situr í stjórn Heklu hf., Heklu fasteigna ehf. og Stillingar ehf. auk þess sem hún er varaformaður stjórnar Almenningsssamgangna á höfuðborgarsvæðinu ohf. Hún er formaður tilnefningarnefndar Eikar hf.

Bjarni Þorvarðarson er fæddur 1966, hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 21. mars 2019. Bjarni lauk B.Sc. prófi í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1989 og síðar meistaragráðu í rafmagnsverkfræði frá University of Wisconsin, Madison, 1991, í alþjóðaviðskiptum frá ISG í París 1993 og fjármálafræðum frá London Business School árið 1998. Bjarni er stjórnarformaður Eikar fasteignafélags hf., Coripharma ehf., Coripharma Holding hf., Matorku ehf. og Stakrar Gulrótar ehf., og er í stjórn BKP Invest ehf. og Inning ehf.

Arnar Másson er fæddur 1971, hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. mars 2021. Arnar er með BA gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands, meistaragráðu í stjórnmálafræði frá London School of Economics and Political Science. Arnar er með Diploma fyrir stjórnarmann (Board of Directors Diploma) frá International Institute for Management Development (ImD), Lausanne, Sviss. Arnar er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og stjórnarmaður. Arnar er í stjórn JBT Marel og Íslandshótela, þá er hann stjórnarformaður Spesíu og Sprota og fulltrúi í Háskólaráði Háskóla Íslands.

Valgerður Halldórsdóttir er fædd 1985, hún var fyrst kosin í stjórn félagsins 14. mars 2024. Hún er með BSc gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Hún er meðstofnandi og rekstrarstjóri (Chief Operating Officer) hugbúnaðarfyrirtækisins Rocky Road. Valgerður er í stjórn Símans Pay ehf. og Noona Iceland ehf.

Allir stjórnarmenn félagsins fyrir utan Jón Sigurðsson teljast vera óháðir félaginu, viðskiptaaðilum, samkeppnisaðilum og stórum hluthöfum. Jón Sigurðsson er óháður félaginu, viðskiptaaðilum og samkeppnisaðilum, en ekki óháður stórum hluthöfum í félaginu.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn félagsins, frh.:

Af samsetningu stjórnar má sjá að Síminn uppfyllir skilyrði hlutafélagalaga um kynjakvóta. Stjórn telur að samsetning hennar hafi samræmt starfsemi og stefnu félagsins þannig að henni var kleift að sinna málefnum félagsins af skilvirkni og heilindum. Bakgrunnur og menntun stjórnarmanna er fjölbreytt. Eignarhlut stjórnarmanna í Símanum má sjá í skýringu 31. Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Stjórnarformaður hefur tilteknu hlutverki að gegna sem mælt er fyrir um í starfsreglum stjórnar Símans og gert er ráð fyrir að hann sinni í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Núgildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar á stjórnarfundi 26. mars 2025 og eru þær aðgengilegar á vef félagsins, www.siminn.is.

Alls voru haldnir 16 stjórnarfundir árið 2025 og mætti meirihluti stjórnar á alla fundi og tóku allir stjórnarmenn virkan þátt í störfum stjórnarinnar. Stjórn fór yfir það hvernig henni tókst að uppfylla fjárhags- og starfsáætlun fyrir liðið starfsár.

Undirnefndir Símans

Hjá Símanum starfa tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Tilnefningarnefnd er kosin af hluthöfum á aðalfundi.

Endurskoðunarnefnd

Hlutverk endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringu félagsins, hafa eftirlit með endurskoðun samstæðureikninga og yfirfara áður en þeir eru lagðir fyrir stjórn til samþykktar. Jafnframt er hlutverk Endurskoðunarnefndar að hafa eftirlit með störfum endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtækis ásamt því að gera tillögu um val á ytri endurskoðanda og meta óhæði hans. Endurskoðunarnefnd yfirfer á hverju ári áhættustefnu Símans og gerir athugasemdir til stjórnar ef þörf þykir. Endurskoðunarnefnd leggur mat á þörf þess að hafa innri endurskoðun að störfum fyrir félagið. Hlutverk Endurskoðunarnefndar nær til þeirra verkefna sem kveðið er á um í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði, Kauphöllinni (OMX) og Samtökum atvinnulífsins. Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum að lágmarki. Nefndarmenn skulu búa yfir þeirri reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til þess að gegna störfum sínum.

Endurskoðunarnefnd skipa Sigrún Ragna Ólafsdóttir formaður, Arnar Þór Músson og Bjarni Þorvarðarson. Endurskoðunarnefnd hélt 6 fundi árið 2025 og meirihluti nefndarinnar mætti á alla fundi. Endurskoðunarnefnd boðar endurskoðendur félagsins á fundi þegar tilefni er til, auk þess sem þeir mæta á stjórnarfundi vegna ársreiknings.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar voru staðfestar af stjórn þann 29. apríl 2025 og má nálgast á heimasíðu félagsins, www.siminn.is.

Starfskjaranefnd

Hlutverk starfskjaranefndar er að tryggja að starfskjör yfirstjórnenda taki mið af afkomu fyrirtækisins til langs tíma, frammistöðu þeirra sjálfra og hagsmunum hluthafa. Forstjóri er ábyrgur fyrir starfskjörum annarra og ber honum að tryggja að starfskjör séu ávallt í samræmi við stefnu starfskjaranefndar. Stefna starfskjaranefndar er að tryggja að félaginu sé jafnan kleift að laða til sín og halda í starfi hæfum stjórnendum. Í þessu skyni ber nefndinni að ráðfæra sig við ytri ráðgjafa um starfskjör í sambærilegum fyrirtækjum þegar þörf krefur. Hlutverki nefndarinnar er ætlað að ná til þeirra verkefna sem kveðið er á um í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfa 2021.

Starfskjaranefnd skipa Jón Sigurðsson formaður, Arnar Þór Músson og Valgerður Halldórsdóttir. Starfskjaranefnd hélt 2 fundi árið 2025 og mætti meirihluti nefndarinnar á alla fundina.

Núgildandi starfskjarastefna var samþykkt á aðalfundi félagsins 2025. Starfsreglur starfskjaranefndar voru staðfestar af stjórn þann 13. mars 2025. Starfskjarastefnu félagsins og starfsreglur starfskjaranefndar má nálgast á heimasíðu félagsins, www.siminn.is

Tilnefningarnefnd

Tilgangur tilnefningarnefndar félagsins að huga að hagsmunum allra hluthafa og tilnefna frambjóðendur í stjórn félagsins. Tilnefningarnefnd fer yfir þekkingu og reynslu stjórnar sem heild og í framhaldi metur frambjóðendur út frá þekkingu og reynslu og hvort þeir geti sinnt skyldum sínum samkvæmt samþykktum félagsins, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, auk annarra laga og reglugerða sem gilda um félagið. Ekki er sjálfgefið að breyta þurfi samsetningu stjórnar á hverjum tíma en slíkt er háð aðstæðum hverju sinni, virkni núverandi stjórnar og vilja núverandi stjórnarmanna til áframhaldandi stjórnarsetu. Tilnefningarnefnd er kosin af hluthöfum á aðalfundi. Tilnefningarnefndina skipa Jensína K. Böðvardsdóttir formaður, Steinunn K. Þórðardóttir og Eyjólfur Árni Rafnsson. Starfsreglur tilnefningarnefndar voru staðfestar á aðalfundi Símans þann 10. mars 2020 og má nálgast á heimasíðu félagsins, www.siminn.is.

Stjórnarháttayfirlýsing

Regluvörður

Regluvörður er Eiríkur Hauksson sem er skipaður af stjórn. Regluvörður hefur umsjón með að reglum um innherjaupplýsingar og viðskipti innherja sé fylgt.

Árangursmat stjórnar

Ný stjórn var kosin á aðalfundi þann 13. mars 2025 og var árangursmat stjórnar framkvæmt í janúar 2026. Helstu þættir sem lagt var mat á voru: upplýsingagjöf, stefnumótun og framtíðarsýn, áhættustjórnun, störf stjórnarmanna og forstjóra. Einnig var lagt mat á starfsemi undirnefnda.

Samskipti hluthafa og stjórnar

Samskipti stjórnar við hluthafa eiga að einkennast af hreinskilni og vera skýr og samræmd. Beini hluthafar fyrirspurnum til stjórnar félagsins skal stjórn vera tilkynnt um þær og hafa yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim.

Framkvæmdastjórn Símans

María Björk Einarsdóttir, forstjóri

Forstjóri Símans er María Björk Einarsdóttir, fædd árið 1989. María hefur starfað sem forstjóri Símans síðan frá því í september 2024. Á árunum 2021-2024 starfaði hún sem fjármálastjóri Eimskips og þar áður var hún framkvæmdastjóri Ölmú íbúðafélags (áður Almenna leigufélagið) um sjö ára bil og leiddi uppbyggingu, fjármögnun og loks sölu félagsins til nýrra eigenda árið 2021. Áður starfaði María í fjármálageiranum sem sérfræðingur á sviði sérhæfðra fjárfestinga. María er með B.Sc. gráðu í rekstrarverkfræði, með áherslu á fjármál, frá Háskólanum í Reykjavík og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Forstjóri skal ávallt starfa af heilindum með hagsmuni félagsins að leiðarljósi. María Björk á kauprétt að 11.250.000 hlutum í félaginu.

Aðrir í framkvæmdastjórn:

Hjörtur Þór Steindórsson, framkvæmdastjóri fjármála

Berglind Björg Harðardóttir, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs

Logi Karlsson, framkvæmdastjóri tækniþróunar

Birkir Ágústsson, framkvæmdastjóri miðla

Sæunn Björk Þorkeldsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og fylgni við rekstraráætlanir. Samtals eiga aðilar framkvæmdastjórnar aðrir en forstjóri kauprétti að 30 milljónum hluta í félaginu.

Innra eftirlit og áhættustýring

Áhættustefna félagsins var staðfest 27. ágúst 2024. Stefna félagsins um áhættustýringu hefur þann tilgang að viðhalda yfirsýn og viðeigandi stýringu áhættu í starfsemi Símans og dótturfélaga. Hjá hverju félagi innan samstæðunnar skal starfa öryggisráð eða sambærilegur vettvangur sem sér til þess að stefnunni sé framfylgt og að starfrækt sé stjórnskipulag áhættustýringar og samræmt áhættustýringarferli sem hentar umfangi viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtækin skulu greina og meðhöndla áhættu í starfsemi sinni með reglubundnu áhættumati, markvissu eftirliti og aðgerðum. Stjórn og stjórnendur stýra áhættu félagsins í samræmi við áhættuvilja félagsins sem inniheldur áhættumörk sem félagið vill halda sig innan.

Til að tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf. Félagið útbýr mánaðarlega skýrslur þar sem einstakar rekstrareiningar eru yfirfarnar og er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins. Til staðar eru verklagsreglur til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði ásamt fleiri liðum sem hafa áhrif á rekstur félagsins.

Upplýsingar um brot á reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands komst að þeirri niðurstöðu að sekta Símann um 76,5 m.kr. á grundvelli þess að stofnunin taldi að Síminn hefði ekki birt ætlaðar innherjaupplýsingar eða tekið ákvörðun um frestun á birtingu á ætluðum innherjaupplýsingum þann 31. ágúst 2021 í tengslum við sölu á dótturfélaginu Mílu ehf. Síminn áfrýjaði málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur til að fá ákvörðuninni hnekkt en Héraðsdómur sýknaði Seðlabankann. Síminn áfrýjaði dóminum til Landsréttar og sýknaði Landsréttur Seðlabankann með dómi uppkveðnum þann 12. febrúar 2026. Félagið er að meta hvort sóst verði eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar.

Stjórnarháttayfirlýsing

Gildi félagsins

Gildi Símans eru: Skapandi, fagleg og árangursdrifin.

Samfélagsleg ábyrgð

Síminn er einn af stofnfélögum í Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð. Félagið hefur sett fram sjálfbærnistefnu þar sem áherslur félagsins í umhverfis, félagslegum og stjórnarháttum er lagðar. Það er stefna Símans að huga að sjálfbærni í hvívetna og tryggja að markmið séu mælanleg og að væntingar til árangurs í sjálfbærni séu skýr fyrir starfsfólki Símans, viðskiptavinum, birgjum, hluthöfum og öðrum haghöfum. Unnið er í samræmi við þessar áherslur á grundvelli tíu viðmiða UN Global Compact og UFS viðmiða. Gerð er árleg framvinduskýrsla um aðgerðir og árangur í sjálfbærni.

Siðareglur

Félagið vinnur eftir siðareglum sem síðast voru endurskoðaðar og samþykktar 3. desember 2025.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Viðskiptalíkan

Sögu Símans hf. má rekja til ársins 1906 og hefur félagið allar götur síðan verið grunnstoð í fjarskiptajónustu á Íslandi. Síminn býður fyrirtækjum, einstaklingum og opinberum aðilum upp á breitt framboð öruggra fjarskiptalausna sem uppfylla nýjustu kröfur hverju sinni. Þá hefur dótturfélagið Radíómiðun um árábil verið leiðandi í þróun fjarskiptalausna fyrir sjávarútveg og sérhæfðra lausna á sviði hlutaneta (e. IoT) fyrir aðrar atvinnugreinar, til að mynda fiskeldi, iðnað og flutninga.

Miðlun afþreyingarefnis og auglýsinga er annar mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins og hefur efnisveitan Sjónvarp Símans Premium vaxið hratt á undanförunum árum. Vinsældir veitunnar má rekja til hágæða dagskrárgerðar, þar sem vönduð íslensk dagskrárgerð og mikið úrval af vinsælu erlendu efni kemur saman. Vegna vinsælda veitunnar, hefur sjónvarpsþjónusta Símans fest sig í sessi sem mikilvægur auglýsingamiðill á innlendum markaði. Með tilkomu dótturfélagsins Billboard, hefur staða félagsins á auglýsingamarkaði styrkt enn frekar, en Billboard hefur um langt skeið verið leiðandi fyrirtæki á sviði umhverfismiðla.

Fjártækni er nýjasta tekjustoð Símans, en dótturfélagið Síminn Pay hefur á síðustu árum þróað fjölbreyttar lausnir á sviði fjártækni, sem spanna allt frá vörukaupalánum fyrir einstaklinga, til kreditkorta og rafrænna beiðna fyrir fyrirtæki. Þá gengu kaup Símans á stafrænu þjónustunni Noona í gegn í desember 2024, en með því breikkar vöruframboð félagsins á sviði fjártækni enn frekar með lausnum á borð við tíma- og borðabókunarkerfi og afgreiðslulausnir fyrir fyrirtæki.

Síminn er þjónustufyrirtæki í fremstu röð, og framtíðarsýn félagsins er að skapa stafrænt samfélag sem auðgar lífið, en í því felst metnaður félagsins til þess að þróa stafrænt vistkerfi snjallra lausna sem skapa virði fyrir fólk og fyrirtæki. Hlutverk Símans er að skapa verðmætar tengingar og gildi félagsins eru að vera skapandi, fagleg og árangursdrifin. Sjálfbærni og góðir stjórnaðhættir eru hornsteinninn í rekstri félagsins. Árangur Símans endurspeglast í ánægju viðskiptavina, stoltu starfsfólki og sterki fyrirtækjamenningu, og arðbærum rekstri sem gerir félagið að eftirsóknarverðum fjárfestingarkosti.

Félagið er skráð á aðallista NASDAQ OMX Iceland og er eignarhald dreift.

Stefnur og reglur félagsins m.t.t. ófjárhagslegra þátta, sjálfbærni og UFS

- Upplýsingaöryggisstefna, uppfærð 2024
- Upplýsingastefna, uppfærð 2025
- Mannauðs- og mannréttindastefna, uppfærð 2025 (jafnlaunastefna skv. ÍST 85-2012 er hluti af þessari stefnu)
- Starfskjarastefna, uppfærð 2025
- Persónuverndarstefna Símans, uppfærð 2024
- Persónuverndarstefnu Símans Pay, uppfærð 2024
- Persónuverndarstefna Símans fyrir starfsfólk, uppfærð 2022
- Gæðastefna (innanhúss) gefin út 2024
- Stefna Símans gegn einelti, áreitni og ofbeldi (innanhúss) gefin út 2024
- Innkaupastefna Símans (innanhúss), uppfærð 2023
- Stefna Símans í sjálfbærni, uppfærð 2024
- Siðareglur Símans, uppfærðar 2025
- Siðareglur birgja, uppfærðar 2025
- Starfsreglur stjórnar, uppfærðar 2025
- Stefna Símans Pay ehf um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, gefin út 2025
- Skýjastefna Símans, gefin út 2023
- Gervigreindarstefna, gefin út 2024
- Varðveislustefna Símans, gefin út 2024
- Þjónustustefna Símans, gefin út 2025

Síminn er með allar ofangreindar stefnur til sífelldrar endurskoðunar og hefur sett fram heildstæða sjálfbærnistefnu sem tekur á umhverfis- og loftlagsmálum, félagslegum þáttum og stjórnaðhættum ásamt öðrum ófjárhagslegum þáttum. Í stefnunni eru skilgreindar megináhættur út frá áhættumatsgreiningu (e.materiality).

Áreiðanleikakönnunarferli félagsins með tilliti til ófjárhagslegra þátta, sjálfbærni og UFS

Í samræmi við upplýsingaöryggisstefnu, upplýsingastefnu, gæðastefnu ásamt innri ferlum og öðrum gæðakröfum, er lögð áhersla á að tryggja gæði og réttar ófjárhagslegar upplýsingar. Þá fer ytri endurskoðandi yfir skýrslu stjórnar, m.a. ófjárhagslegar upplýsingar, sem hluta af ytri endurskoðun félagsins.

Félagið hefur skilgreint megináhættur og markmið byggt á sjálfbærnistefnu til að tryggja að stefnunni sé framfylgt. Nánar er gerð grein fyrir þeim í köflunum um umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnaðhætti.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Umhverfis- og loftlagsmál

Síminn gaf út sína fyrstu sjálfbærnistefnu árið 2021 sem var uppfærð árið 2024. Við val á lykilmælikvörðum (fyrir umhverfismál, félagslega þætti og stjórnaðhætti) var stuðst við mikilvægisgreiningu (e. Materiality) á fjarskiptageiranum, skoðun á leiðandi erlendum fjarskiptafélögum m.t.t. UFS frammistöðu og aðlagð að starfsemi Símans. Samhliða þeirri vinnu voru helstu megináhættur endurskilgreindar og markmið endurskilgreind.

Félagið er meðvitað um þau umhverfisáhrif sem fjarskiptaiðnaðurinn hefur í för með sér enda felur reksturinn í sér auðlinda- og orkunotkun tengt notkun og förgun á búnaði og tækjum sem notuð eru í starfsemi félagsins sem og hýsingu gagna í gagnaverum.

Félagið hefur skilgreint tvo meginþætti í umhverfismálum sem tengjast starfsemi félagsins, þ.e. virðiskeðjuáhrif og notkun náttúruauðlinda og er það sýn félagsins að eftirfarandi atriði eigi við starfsemi félagsins í heild.

Félagið hefur innleitt umhverfisstjórnunarkerfi Klappa Grænna lausna hf. sem mun gefa félaginu rauntímayfirsýn yfir helstu umhverfisþætti. Verkefnið framundan er að byggja frekar undir þá innleiðingu ásamt því að auka þekkingu hjá starfsfólki Símans og undirbúa félagið t.d. fyrir sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja (CSRD).

Megináhættur:

- Umhverfis og loftlagsáhrif í virðiskeðjunni
- Loftlagsbreytingar
- Ágangur á náttúruauðlindir

Markmið:

- Endurvinna allan nothæfan búnað sem viðskiptavinir skila
- Auka hlutfall búnaðs sem viðskiptavinir koma með í endurvinnslu til okkar í gegnum nýttu notað ferlið
- Vinna með birgjunum okkar að umbúðir séu endurvinnanlegar

Árangur:

- Greining stærstu birgja m.t.t. loftlagsáættu hefur farið fram. Innleiðing umhverfisstjórnunarkerfis Klappa er lokið, í framhaldinu munu stærstu birgjar Símans fá sent staðlað birgjamat.
- Heildarlosun félagsins af starfsemi hefur minnkað á milli ára en sérstök áhersla hefur verið lögð á vistvænni samgöngur til og frá vinnu, minni matarsóun, aukna flokkun sorps, vistvænni breytingar á húsnæði ásamt því að félagið rekur fleiri rafmagnsbíla en áður.

Félagslegir þættir

Áherslur félagsins í félagslegum þáttum eru nátengdar áherslum félagsins í sjálfbærni- og mannréttindamálum. Í þeirri stafrænu umbreytingu sem samfélagið er að ganga í gegnum liggja tækifæri fyrir félagið að vera hreyfiafl til góðra verka.

Félagið er með virka mannauðs- og mannréttindastefnu sem stuðla á að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum starfsfólks óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, þjóðerni, trúabroögðum eða lífsstíl. Síminn hlaut jafnlaunavottun Jafnréttisstofu í lok árs 2018, fyrst íslenskra fjarskiptafélaga. Árið 2019 tók Síminn þátt í Jafnréttisvísi Capacent sem leiddi til ýmissa umbótaverkefna á sviði jafnréttismála og stefnir félagið á að jafna kynjahlutföll í öllum skipulagseiningum félagsins sem og í stjórnendahópi félagsins. Árið 2021 gaf félagið út Samskiptasáttmála sem á að vera starfsfólki leiðarljós í samskiptum sín á milli.

Síminn styður fjölda góðgerðarfélaga með fjarskiptaþjónustu. Þá hefur Síminn átt samstarf við björgunarsveitir um færanlega farsímasenda til að tryggja árangursríka leit og björgun við erfiðar aðstæður. Símamótið er einn glæsilegasti íþróttaviðburður hvers árs þar sem þúsundir stelpna af landinu öllu skapa verðmætar tengingar yfir fótbolta. Auk þess er Síminn stoltur styrktaraðili HSÍ. Þar að auki hefur Síminn meðal annars átt í samstarfi við Vertonet, HR og Stelpur og tækni sem hafa það að markmiði að auka hlut kvenna og kvára í upplýsingtækni. Veittir voru styrkir til náms í HR með það að markmiði að fjölga konum í tækni auk þess sem haldnir voru viðburðir innan veggja Símans til að vekja áhuga á tæknitengdum störfum.

Síminn gerðist aðili að jafnvægisvog FKA þar sem megin tilgangurinn er að auka á jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði hlutfallið á milli kynja a.m.k. 40/60 í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi og að virkja íslenskt viðskiptalíf til að verða að fyrirmynd jafnréttis fyrir aðrar þjóðir.

Hjá félaginu er starfrækt Vinnuverndar- og brunavarnarráð. Það tekur m.a. þátt í gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, vinnur að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Með stefnu félagsins gegn einelti, áreitni og ofbeldi og meðfylgjandi viðbragðsáætlun er unnið að því að tryggja sálfélagslegt öryggi starfsfólks í vinnu. Kappkostað er að tryggja ánægju og vellíðan starfsfólks auk þess sem lögð er áhersla á fræðslu og þjálfun. Reglulega eru framkvæmdar vinnustaðakannanir til að mæla líðan á vinnustað og starfsánægju.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Félagslegir þættir, frh.:

Síminn og dótturfélög styðja við og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda í samræmi við innlend lög sem og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna í allri starfsemi félagsins. Samstæðan virðir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tekur skýra afstöðu gegn mannréttindabrotum svo sem nauðungar- og þrælkunarvinnu, þar með talinni barnaþrælkun, stuðla að virðingu í samskiptum, tryggja vellíðan og aukin lífsgæði jafnt innan sem og utan félagsins.

Megináhættur:

- Vellíðan og velferð starfsfólks
- Heilsa og öryggi starfsfólks og verktaka
- Mannréttindi í virðiskeðjunni
- Launajafnrétti
- Samskipti við nærsamfélagið

Markmið:

- Síminn hefur það markmið að launamunur milli kynja sé undir 1,0
- Jafna hlutfall kynja í stjórnendahlutverkum
- Vinna markvisst að auknum hlut kvenna í upplýsingatækni innan fyrirtækisins sem utan

Árangur:

- Launamunur kynja er 1,09 (1,11 2024) karlmönnum í hag
- Markmið félagsins að jafna kynjahlutföll hefur ekki náðst
- Jafnlaunavottun var endurnýjuð á árinu samkvæmt ÍST 85:2012 staðli og kröfum Jafnréttisstofu

Stjórnarhættir

Síminn leggur áherslu á góða forystu og stjórnarhætti og fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfu frá árinu 2021.

Stjórnarhættir hjá Símanum eru einnig markaðir af lögum nr.2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar, siðareglum félagsins auk þess sem félagið hefur innleitt samkeppnisréttaráætlun sem er mikilvægur hluti af stjórnarháttum þess.

Siðareglur Símans eru starfsfólki leiðarljós hvað varðar hugsanlega hagsmunaaðrekstra, mútugreiðslur, trúnað og meðferð viðkvæmra upplýsinga sem og fylgni við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Eitt af lykilatriðum í rekstri Símans er að tryggja öryggi þeirra gagna og upplýsinga sem félagið vinnur með. Síminn er með virka upplýsingaöryggisstefnu sem styður við samfelldan rekstur og þjónustur og lágmarkar þannig rekstraráhættu og hámarkar öryggi upplýsinga og verðmæta í eigu eða umsjón félagsins. Síminn rekur vottað upplýsingaöryggiskerfi en félagið hlaut vottun BSI samkvæmt ISO/IEC 27001:2013 staðlinum árið 2016.

Gildandi upplýsingastefna Símans tekur mið af reglum Kauphallar – Nasdaq Iceland. Með stefnunni er lögð áhersla á að veita hagsmunaaðilum áreiðanlegar upplýsingar sem skipta máli er varða starfsemi félagsins, sem skráðs félags á íslenskum hlutabréfamarkaði í Kauphöll - Nasdaq Iceland.

Netöryggi er órjúfanlegur þáttur í starfsemi Símans og eru vernd gagna og persónuupplýsinga því ávallt í fyrirrúmi. Síminn er með virka upplýsingaöryggisstefnu sem styður við samfelldan rekstur og þjónustu. Með vottuðu upplýsingaöryggiskerfi lágmarkar Síminn rekstraráhættu og hámarkar öryggi upplýsinga í eigu eða umsjón félagsins. Með virkri persónuverndarstefnu leggur Síminn jafnframt áherslu á að gæta friðhelgi einkalífs, jafnt starfsfólks sem og viðskiptavina. Lögð er áhersla á að gæta að málefnalegri, áreiðanlegri og gagnsærri meðferð persónuupplýsinga um viðskiptavini, starfsfólk og aðra sem persónuverndarupplýsingar varðar, í samræmi við persónuverndarlög hverju sinni. Hjá félaginu starfar persónuverndarfulltrúi sem hefur eftirlit með því að félagið uppfylli lagaskyldur sínar.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Stjórnarhættir, frh.:

Síminn setti sér verklagsreglur á árinu 2022 um vernd uppljóstrara. Reglurnar voru settar á grundvelli 5. gr. laga um vernd uppljóstrara nr. 40/2020. Reglunum er meðal annars ætlað að stuðla að því að starfsfólk geti upplýst um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi sem kann að eiga sér stað hjá félaginu og stuðla þannig að ábyrgum stjórnarháttum.

Síminn leggur áherslu á að viðhalda góðum samskiptum við lykil haghafa með opnum samtölum um þróun, tækifæri og sjálfbærnitengdar áhættur.

Megináhættur:

- Gagnaöryggi, gæðamál og óhæði stjórnar
- Að birgjar félagsins hugi ekki að gagnaöryggi og persónuvernd.

Markmið:

- Ljúka gloppugreiningu byggða á niðurstöðum tvíátta mikilvægisgreiningar til að greina lykilþætti sjálfbærni í rekstri Símans
- Setja fram markmið og áætlun um kolefnishlutleysi fyrirtækisins
- Framkvæma birgjamat

Árangur:

Lagt var upp með að skoða innleiðingu á ESRS stöðlum í umhverfisstjórnunarkerfi Símans en breytingar á regluverki í tengslum við sjálfbærni hafa hægt á þeirri vinnu.

Tvíátta mikilvægisgreining

Á árinu var áfram lögð áhersla á að auka þekkingu á sjálfbærni í tengslum við starfsemi félagsins. Framkvæmd var tvíátta mikilvægisgreining en hún felur í sér ítarlega greiningu á áhrifum sjálfbærniþátta á starfsemi samstæðunnar sem og áhrifum virðiskenningar samstæðunnar á umhverfið og samfélagið. Áhrif eru metin með því skoða hvernig sjálfbærniþættir eins og loftlagsmál, félagsleg ábyrgð og siðferðisleg viðmið hafa, eða geta haft, bein áhrif á rekstur, hagnað og langtímahorfur samstæðunnar. Áhrif á umhverfi og samfélag felast aftur á móti í greiningu á því hvernig starfsemi Símans og dótturfélaga hefur áhrif á umhverfið, samfélagið sem við störfum í og viðskiptavinum.

Vinnan er mikilvægur þáttur í skuldbindingu Símans til að efla samfélagslega ábyrgð og stuðla að sjálfbærni í starfseminni. Niðurstöður lágu fyrir í janúar árið 2025 og munu næstu skref verða að framkvæma gloppugreiningu sem byggir á niðurstöðu greiningarinnar.

Eftirfarandi yfirflokkar ESRS teljast mikilvægir fyrir samstæðu Símans:

ESRS E1: Loftslagsbreytingar
ESRS E5: Hringrásarhagkerfi
ESRS S1: Starfsfólk
ESRS S4: Neytendur og endanotendur
ESRS G1: Stjórnarhættir

Sjálfbærnisýrsla Símans mun verða gefin út samhliða ársskýrslu félagsins fyrir árið 2025.

Upplýsingagjöf vegna flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins

Kröfur um upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni hafa aukist verulega síðustu ár. Með lögum nr. 25/2023 (ESB 2020/852) sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2023 og tóku gildi 1.júní 2023 er félögum sem falla undir gildissvið laganna gert að innleiða flokkunarkerfi ESB og veita upplýsingar um flokkunarkerfið í ársreikningi 2023. Upplýsa þarf um hlutfall veltu, rekstrarkostnaðar og fjárfestinga sem uppfylla skilyrði um að vera umhverfislega sjálfbær í samræmi við viðmið regluverksins. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3.gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf framlag atvinnustarfseminnar að stuðla verulega að einu af sex umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki valda umtalsverðu tjóni á einu eða fleiri af markmiðum reglugerðarinnar. Hún þarf að hlíta tæknilegum matsviðmiðum en, einnig bera að veita upplýsingar um lágmarksverndarráðstafanir í eftirfarandi málaflokkum: Mannréttindi, Spilling og mútupægni, skattamál og samkeppnismál. Þess ber þó að geta að breytingar á regluverki í tengslum við sjálfbærni eru líklegar á næstu misserum en beðið er eftir staðfestingu stjórnvalda á því hvernig breytingar á regluverki í Evrópu munu verða innleiddar hér á landi.

Lágmarksverndarráðstafanir

Eitt af grunnskilyrðum þess að starfsemi Símans geti talist umhverfislega sjálfbær er að félagið uppfylli fullnægjandi lágmarksverndarráðstafanir (e. minimum safeguards) í samræmi við 18.gr. flokkunarreglugerðarinnar (8. gr. reglugerðar Evrópusambandsins (ESB) 2020/852). Með því að standast kröfur um lágmarksverndarráðstafanir sýnir félagið fram á að umhverfismarkmiðum sé uppfyllt ásamt fylgni þess við alþjóðlegar laga- og leiðbeiningakröfur OECD og Sameinuðu þjóðanna um félagsleg viðmið.

Mannréttindi

Síminn er með virka mannauðs- og mannréttindastefnu sem stuðlar að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum starfsfólks. Síminn hefur stefnu um persónuvernd og hefur sett fram verklagsreglur um vernd upplýstrara. Við gerð verklagsreglna og stefnumótunar er horft til reglna OECD og leiðbeininga Sameinuðu þjóðanna.

Spilling og mútupægni

Starfsfólk skal gæta réttisýni og löghlýðni í hvívetna, í siðareglum Símans er farið yfir mál er varða spillingu og mútupægni. Þá er tekið á þessum atriðum í siðareglum birgja.

Skattamál

Félagið hefur sett sér formlegra skattastefnu þar sem sett er fram formleg ábyrgð, skilgreind eftirlitshlutverk og skýrslugjöf. Síminn leggur ríka áherslu á að haga skattamálum í samræmi við lög, reglur og siðferði.

Samkeppnismál

Félagið hefur starfað eftir samkeppnisréttaráætlun frá árinu 2011. Í siðareglum Símans er tekið á því að starfsfólk skuli gæta réttisýni og löghlýðni í hvívetna. Í því felst m.a. að allt starfsfólk skuli í störfum sínum þekkja og virða meginreglur samkeppnislaga um bann við ólögmætu samráði, misnotkun á markaðsráðandi stöðu, sé hún fyrir hendi, og samrunareglur. Starfsfólk skal í þessu skyni kynna sér þau gögn sem eru hluti af Samkeppnisréttaráætlun, nýta þau í störfum sínum og sækja námskeið sem eru hluti af áætluninni (sjá samkeppnisréttaráætlun félagsins).

Hæf starfsemi

Kjarnastarfsemi Símans er fjarskipti, fjártækni og miðlun. Á þessum tímavörðum hefur Evrópusambandið ekki skilgreint atvinnustarfsemi Símans (fjarskipti) sem gjaldgenga starfsemi og því ekki hægt að meta hlutfall gjaldgengrar starfsemi né hlutfall þess sem uppfyllir tæknilegu matsviðmiðin. Hluti af fjarskiptastarfsemi sem snýr að sitingingu mæla og annara nema (IOT) gæti fallið undir lið 8.2 í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2021/2139 sem snýr að tölvuforritun, ráðgjöf og tengdri starfsemi sem er kóði J62 í atvinnugreinaflokkun ESB en umfang þess er óverulegt innan félagsins. Hluti af afþreyingarstarfseminni fellur undir lið 8.3 sjónvarpssendingar og dagskrárgerð. Ekki er talið að hluti 13.3 sem snýr að útgáfustarfsemi á sviði framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis eigi við þar sem félagið er kaupandi á framleiðslunni en ekki eigandi þess.

Velta

				Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir verulegt framlag ("Veldur ekki verulegu tjóni")									
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar velta (3)	Hlutfall veltu (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líftræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líftræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndarráðstafnir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N (18)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur (starf-semi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "(umbreytingastarf-semi)" (21)
			%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																				
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																				
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu (A.1))		0																		
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																				
Sjónvarpssendingar og dagskrárgerð	8.3	7.075	25%																	
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		7.075	25%																	
Alls (A.1 + A.2)		7.075	25%																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFI NÆR EKKI YFIR																				
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		21.692	75%																	
Alls (A + B)		28.767	100%																	

Fjárfestingagjöld

Fjárfestingagjöld				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt framlag ("Veldur ekki verulegu tjóni")										
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Helldar fjárfestingagjöld (3)	Hlutfall fjárfestingagjalda (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líftræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líftræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndarráðstafnir (17)	Hlutfall fjárfestinga sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N (18)	Hlutfall fjárfestinga sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur (starf-semi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "(umbreytingastarfsemi)" (21)
			%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																				
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																				
Fjárfestingagjöld frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu (A.1))		0																		
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																				
Sjónvarpssendingar og dagskrárgerð		8.3	1.145	39%																
Fjárfestingagjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)			1.145	39%																
Alls (A.1 + A.2)			1.145	39%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFI NÆR EKKI YFIR																				
Fjárfestingagjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)			1.806	61%																
Alls (A + B)			2.951	100%																

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld				Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir verulegt framlag ("Veldur ekki verulegu tjóni")												
Atvinnustarfsemi (1)				Númer (2)	Heildar rekstrargjöld (3)	Hlutfall rekstrargjalda (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líftræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líftræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndarráðstafnir (17)	Hlutfall rekstrar- gjalda sem fellur að flokkunar- kerfinu, ár N (18)	Hlutfall rekstrar- gjalda sem fellur að flokkunar- kerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur (starf-semi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverf- ismark- miðum (20)	Flokkur "(umbreyt- ingastarf- semi)" (21)
						%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																							
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																							
Rekstrargjöld frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu (A.1))					0																		
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																							
Sjónvarpssendingar og dagskrárgerð					8.3	1	0%																
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)					1	0%																	
Alls (A.1 + A.2)					1	0%																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFI NÆR EKKI YFIR																							
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)					452	100%																	
Alls (A + B)					453	100%																	

Ársfjórðungsfirlit - óendurskoðað

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1 F 2025	2 F 2025	3 F 2025	4 F 2025	Samtals
Sala	7.003	7.017	6.888	7.090	27.998
Kostnaðarverð sölu	(4.526)	(4.375)	(4.099)	(4.288)	(17.288)
Framlegð	2.477	2.642	2.789	2.802	10.710
Aðrar rekstrartekjur	170	179	174	246	769
Rekstrarkostnaður	(1.997)	(1.890)	(1.938)	(2.056)	(7.881)
Stjórnvaldssekt og skaðabætur	(461)	0	0	0	(461)
Rekstrarhagnaður	189	931	1.025	992	3.137
Hrein fjármagnsgjöld	(321)	(257)	(245)	(238)	(1.061)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	(132)	674	780	754	2.076
Tekjuskattur	(56)	(137)	(158)	(134)	(485)
Hagnaður (tap) ársins	(188)	537	622	620	1.591
EBITDA	1.272	1.924	1.848	1.916	6.960

	1 F 2024	2 F 2024	3 F 2024	4 F 2024	Samtals
Sala	6.417	6.708	6.773	7.291	27.189
Kostnaðarverð sölu	(4.180)	(4.436)	(4.257)	(4.455)	(17.328)
Framlegð	2.237	2.272	2.516	2.836	9.861
Aðrar rekstrartekjur	158	163	182	140	643
Rekstrarkostnaður	(1.964)	(1.799)	(1.834)	(2.032)	(7.629)
Rekstrarhagnaður	431	636	864	944	2.875
Hrein fjármagnsgjöld	(195)	(320)	(292)	(306)	(1.113)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	236	316	572	638	1.762
Tekjuskattur	(65)	(72)	(123)	(121)	(381)
Hagnaður ársins	171	244	449	517	1.381
EBITDA	1.435	1.726	1.915	2.071	7.147